

2. tbl. 32. árgangur maí 2010

Virðing  
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ





### Forsíðumynd

Ljósmynd: Atli Már Hafsteinsson

### VR

Húsi verslunarinnar  
Kringlunni 7,  
103 Reykjavík  
Sími 510 1700  
vr@vr.is  
www.vr.is

Ábyrgðarmaður: Kristinn Örn  
Jóhannesson, formaður

Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir

Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir: Eddi, Oscar Bjarnason  
og Gunnar Kr.

Prentun: Oddi, umhverfisstofa prentsmiðja.

Upplag: 25.300

### Stjórn VR

Kristinn Örn Jóhannesson formaður,

Ásta Rut Jónasdóttir varaformaður,

Jóhanna S. Rúnarsdóttir ritari.

Bergur Þór Steingrímsson,

Birgir Már Guðmundsson,

Bjarki Steingrímsson,

Guðrún Helga Tómasdóttir,

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir,

Hildur Mósesdóttir,

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir,

Jón Magnússon,

Óskar Kristjánsson,


Ragnar Þór Ingólfsson,

Sigurður Sigfússon,

Sigríður Stefánsdóttir

Varamenn: Benedikt Vilhjálmsson,

og Bjarni Þór Sigurðsson



## Fyrirtæki ársins 2010

- 10 Fyrirtæki ársins 2010
- 11 Niðurstöður stærri fyrirtæki
- 12 Niðurstöður minni fyrirtæki
- 15 Helstu niðurstöður
- 16 Sigurvegarar
- 18 Niðurstöður
- 20 Samanburður VR og SFR

## Félagsmál

- 04 Ályktun stjórnar um 1. maí
- 04 Orlofsuppbót
- 04 Dómur
- 05 Niðurstöður kosninga
- 05 Orðsending frá L lista
- 06 Ný stjórn VR
- 08 Hádegisfyrirlestrar
- 09 Aðalfundur
- 33 Orlof – orlofsréttur
- 35 Stefning VR

## Viðtöl og greinar

- 21 Orlofsmál
- 22 Úrræði fyrir atvinnuleitendur
- 23 Oft brotið á ungu kynslóðinni
- 24 Fyrstu skrefin á vinnumarkaði
- 26 Rauðakrosshúsið – innlit
- 28 Rafrænar umsóknir á vefnum
- 30 Hamingja
- 31 Ný auglýsingaherferð



Á Fimmvörðuhálsi – Öskusnjór

## LEIÐARI

# Annir í apríl

Síðastliðinn aprilmánuður hefur verið um margt annasamur í starfsemi félagsins. Úrvinnsla úr könnuninni á fyrirtæki ársins hefur verið í fullum gangi og birtast niðurstöðurnar í þessu blaði. Einnig var aðalfundur félagsins haldinn undir lok mánaðarins, þann 28. apríl, en þar var lýst kjöri sjö stjórnarmanna. Þar eru fimm að taka sæti aðalmanns í fyrsta sinn, tveir að hefja sitt annað kjörtímabil og einn það fimmta. Hefur því umtalsverð endurnýjun átt sér stað innan stjórnarinnar síðastliðið ár. Það er jafnframt ánægjuleg niðurstaða að formanni frátöldum skiptist stjórnin jafnt á milli kynja því í henni sitja sem meðstjórnendur sjö konur og sjö karlar. Er það enn ánægjulegra fyrir þá staðreynd að þessi niðurstaða er fengin í lýðræðislegum kosningum en ekki fyrir tilstilli tæknilegra lausna eins og kynjakvóta, fléttulista og þess háttar. Einnig var lýst kjöri 82 manna trúnaðarráðs sem endurspeglar vel félagsmannafloórana með tilliti til kyns, aldurs, starfa og búsetu á félagssvæði VR.

Undanfarið hálft ár hefur mikil vinna átt sér stað innan VR um stefnu félagsins með opnum og lýðræðislegum hætti. Haldnir hafa verið 16 vinnufundir í 8 hópum þar sem áherslur og framtíðarskipulag VR hefur verið til umræðu. Þátttakendur í þessari vinnu hafa verið félagsmenn frá Reykjavík og nágrenni, Akranesi, Austurlandi, Vestmannaeyjum, fulltrúar starfsmanna, sviðsstjórar hjá VR, trúnaðarmenn, trúnaðarráð og stjórn VR. Til að auka enn frekar á lýðræði í þessari vinnu var ákveðið að boða til Stefnuþings VR og var það haldið 24. apríl sl. Við val fulltrúa á stefnuþingið var stuðst

við sömu aðferðarfræði og notuð var við boðun, undirbúning og skipulag þjóðfundarins í Laugardalshöll á síðasta ári. Á grundvelli slembiúrtaks úr félagaskrá VR var hluta félagsmanna boðið að taka þátt í Stefnuþinginu og tóku um 120 manns þátt í störfum þess. Á stefnuþinginu áttu félagsmenn með milliliðalausum hætti þátt í að móta framtíð VR og er afrakstur þeirrar vinnu góður vegvísir fyrir nýja stjórn og trúnaðarráð að vinna úr.

Ljóst er niðurstöður slíkrar vinnu eru aðeins grófar ábendingar um áherslur en markmið mitt er að frekari útfærslur verði unnar með sambærilegum hætti á þessu starfsári með opinni og virkri þátttöku félagsmanna. Þannig munum við skapa saman það leiðandi stéttarfélag sem við getum haldið áfram að vera stolt af.

Með von um ánægjulegt sumar,

**KÖJ**



## 1. maí á að vera frídagur launafólks

Stjórn VR samþykkti þann 14. apríl 2010, ályktun þar sem breytingum á opnunartíma verslana á undanförunum árum er mótmælt. Ályktunin er svohljóðandi: „Þróun í opnunartíma verslana síðastliðin ár gengur þvert gegn hagsmunum starfsmanna. Fátt virðist verslunareigendum heilagt þegar kemur að opnunartímanum og stórhátíðir og helgidagar eru á undanhaldi sem frídagar launafólks. Margar verslanir voru opnar nær alla páskahátíðina þetta árið og nú stefnir allt í að enn fleiri verslanir, þ.m.t. stóru verslanamiðstöðvagnar, verði opnar 1. maí.

Stjórn VR vill ítreka að 1. maí er helgaður launafólki og baráttu þeirra fyrir bættum kjörum. Það er því óásættanlegt að stór hluti launamanna hér á landi verði við vinnu á þessum degi. VR mótmælir þessari þróun og krefst þess að verslunareigendur hafi lokað á almennum frídagum. 1. maí á líka að vera frídagur þeirra sem starfa í verslunum. Stjórn VR, 14. apríl 2010.“

## Happdrættið 2010

Dregið hefur verið í happdrætti sem haldið var í tengslum við könnun VR á Fyrirtæki ársins og launakjörum 2010. Vinningshöfum er bent á að hafa samband við VR í síma 510 1700. Vinningsnúmerin eru sem hér segir: 300332, 300747, 302995, 304810, 317072, 325615, 328399, 331853, 332498 og 334175.

## Orlofsuppbót 2010

Orlofsuppbót er kr. 19.500 á árinu 2010 samkvæmt kjarasamningum VR. Orlofsuppbót er föst tala sem innheldur orlof og tekur ekki launabreytingum samkvæmt öðrum ákvæðum kjarasamnings.

### Hverjir eiga rétt á orlofsuppbót?

Þeir félagsmenn sem eru í starfi í fyrstu viku maí skulu fá greidda orlofsuppbót miðað við fullt starf en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðastliðin orlofsár. Þeir sem eru í hlutastarfi eiga að fá greidda orlofsuppbót í samræmi við starfshlutfall sitt.

### Starfshlutfall miðast við fasta reglubundna vinnu.

Orlofsuppbót á að greiða þann 1. júní ár hvert og greiðist öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 á síðustu 12 mánuðum miðað við 30. apríl ár hvert eða eru í starfi fyrstu viku maí. Áunna orlofsuppbót skal greiða út við starfslok.

## Félagsmanni dæmd laun í uppsagnarfresti

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt félagsmanni VR í vil í máli sem varðaði deilur um laun í uppsagnarfresti. Ágreiningur var m.a. um tímalengd samningsins og enginn skriflegur ráðningarsamningur gerður.

Félagsmaðurinn var ráðinn til að hafa umsjón með mótuneyti og var ráðningarsamningur munnlegur. Félagmaðurinn segir að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir því að hann ynni til loka nóvember 2008 ár en vinnuveitandinn hélt því fram að um tímabundna ráðningu hafi verið að ræða til loka október 2008. Í lok október var félagsmanninum síðan sagt upp störfum. Samkvæmt kjarasamningum VR við vinnuveitendur er uppsagnarfrestur ein vika á fyrstu þremur mánuðum í starfi, sem að mati VR átti við hér. VR gerði kröfu um laun og orlof í uppsagnarfresti, eina viku.

Vinnuveitandinn hafnaði því að hann stæði í skuld við félagsmanninn, hann hafi verið ráðinn til loka október 2008 og sé sú tímasetning í samræmi við verksamning hans um vinnu sem var grundvöllur starfs félagsmannsins. Útilokað sé að ráðningarsamningur við félagsmanninn sé lengri en sá verksamningur. Félagmaðurinn hafi að auki fyrirgert hugsanlegum rétti sínum til launa í meintum uppsagnarfresti að mati vinnuveitanda því hann hafi ekki sinnt vinnu fyrir vinnuveitandann né boðið fram vinnuframlag sitt.

Félagsmaðurinn, sem er kona, skýrði frá því fyrir dómi að hún hafi þegið starfið því það hafi átt að vera til nóvember/desember, eða allt haustið. Hún hóf störf í september og vann til 29. október þegar henni hafi verið tilkynnt án fyrirvara að hennar væri ekki þörf lengur, verið væri að loka vinnustaðnum. Hún hafi komist að því síðar að svo hafi ekki verið í raun.

Í dómnum er bent á að ráðningarsamningur aðila hafi verið munnlegur og að ekki sé hægt að fullyrða að gerður hafi verið tímabundinn samningur til loka október, eins og vinnuveitandinn hélt fram. Hann verði að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Þá skipti ekki máli að félagmaðurinn bauð ekki fram starfskrafta sína á uppsagnarfresti þar sem vinnuveitandi hafnaði störfum launþegans. Dómurinn féllst á kröfur félagsmannsins og gerði vinnuveitanda að greiða laun í uppsagnarfresti, sem var ein vika, auk málskostnaðar. Guðmundur B. Ólafsson flutti málið fyrir hönd félagsmannsins og VR.



## Niðurstöður kosninga í stjórn og trúnaðarráð VR

Allsherjarkvæðagreiðsla fór fram í VR dagana 15. mars til 29. mars 2010. Koskið var milli fimm frambjóðenda í einstaklingskjöri til þriggja sæta aðalmanna í stjórn og milli tveggja lista sem hvor bauð fram til fjögurra sæta aðalmanna í stjórn og 82 sæta í trúnaðarráði. Niðurstaðan var sem hér segir: Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (83,8% greiddra atkvæða), Guðrún Helga Tómasdóttir (81,3% greiddra atkvæða) og Hildur Mósésdóttir (80,7% greiddra atkvæða) fengu flest atkvæði í einstaklingskosningu til stjórnar og eru réttkjörnar skv. 20 gr. laga VR.

A listi sameinaðs VR, listi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna fékk 72,3% greiddra atkvæða en L listi Opins lýðræðis í VR fékk 27,7% greiddra atkvæða og telst A listi réttkjörinn skv. 20 gr. laga VR. Stjórnarmenn á A listu eru Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Sigríður Stefánsdóttir og Sigurður Sigfússon. Atkvæði greiddu 2.102 en á kjörskrá voru 27.879. Kosningabáttaka var því 7,54%. Ekki var kosið í allsherjarkosningu um varamenn til stjórnar og eru Birgir Már Guðmundsson, Benedikt Vilhjálmsson og Bjarni Þór Sigurðsson réttkjörnir sem varamenn. Hægt er að sjá niðurstöðurnar í heild og listu trúnaðarráðs á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is).

### Stjórn VR starfsárið 2010-2011

Kristinn Örn Jóhannesson	formaður
Ásta Rut Jónasdóttir	Actavis
Bjarki Steingrímsson	Hekla
Bergur Þór Steingrímsson	Remax
Guðrún Helga Tómasdóttir	Icelandair
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir	Búr
Hildur Mósésdóttir	Iceland Express
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir	Verk- og tækni-fræðingafélag Íslands
Jóhanna S. Rúnarsdóttir	Ölgerðin hf.
Jón Magnússon	Hekla
Óskar Kristjánsson	VÍS
Ragnar Þór Ingólfsson	Örninn hf
Sigurður Sigfússon	N1

## Orðsending frá L- lista

### Ágæti VR félagi

Um leið og við óskum nýrri stjórn velfarnaðar í starfi fyrir okkur VR félag, þökkum við þeim sem höfðu trú á okkur á L-listanum stuðninginn.

Það var í senn áhugavert og fræðandi að taka þátt í framboði til stjórnar VR. Sérstaklega var gaman að hitta allt það frábæra fólk sem bauð okkur að koma á sinn vinnustað til að kynna framboðið. Starfsfólki VR og kjörstjórn viljum einnig þakka góða viðkyrningu.

Skrýtið var að lesa sumt sem um okkur var skrifað í fjölmiðlum og á bloggsíðum. Það er umhugsunarefni hvort að „netið“ og það sem þar er skrifað, standi utan við allar góðar venjur og velsæmi. Það virðist vera sér heimur þar sem má skrifa hvað sem er um fólk nafnlaust.

Það er alvarleg staðreynd að kosningabáttakan var sorglega lítil í svo stóru og sterku félagi. 2.102 félagar nýttu sinn rétt, í félagi sem er með 27.879 manns á kjörskrá.

Sinnuleysi er félagslegt böll. Hvers vegna hefur fólk engan áhuga á félagsmálum í dag og síðustu ár? Við erum mötuð á því sem örfáum finnst fullgott fyrir okkur. Segjum við bara já án þess að líta upp frá dagsins amstri eða er bara allt í fína ef við bara fáum senda krossgátu sem við getum leyst í huggulegum sumar-bústað á vegum VR?

Við þurfum að fræða þá sem yngri eru um sögu og tilgang stéttarféлага. Að hver og einn geti haft áhrif og sjálfstæða skoðun. Að þeir sem undan okkur komu þurftu að berjast lengi til að ná fram réttindum sem okkur þykja sjálfsgöð í dag.

### Tökum afstöðu – verum virk

#### Áfram VR

Salvör L. Brandsdóttir

Kristín G. Ingimundardóttir

## 2,5% launahækkun 1. júní

Rétt er að minna félagsmenn VR og launagreiðendur á að þann 1. júní 2010 verður almenn 2,5% launahækkun skv. kjarasamningum sem kemur til útborgunar 1. júlí nk. Byrjunarlaun verða þá að lágmarki kr. 162.450 en voru fyrir hækkingu kr. 155.950.

FÉLAGSMÁL

# Ný stjórn VR



**Kristinn Örn Jóhannesson**  
formaður VR



**Ásta Rut Jónasdóttir**  
Actavis – varaformaður



**Jóhanna S. Rúnarsdóttir**  
Ölgerðin hf. – ritari



**Óskar Kristjánsson**  
VÍS



**Ingibjörg Ósk Birgisdóttir**  
Verk- og tæknifr.félag Ísl.



**Ragnar Þór Ingólfsson**  
Örninn



**Guðrún J. Ólafsdóttir**  
Búr



**Sigríður Stefánsdóttir**  
Sögn ehf.



**Birgir Már Guðmundsson**  
Sorpa Bs.



**Hildur Mósesdóttir**  
Iceland Express



**Guðrún Helga Tómasdóttir**  
Icelandair



**Bergur Þór Steingrímsson**  
Remax



**Jón Magnússon**  
Hekla



**Bjarki Steingrímsson**  
Hekla



**Sigurður Sigfússon**  
N1 hf.

## Varamenn



**Bjarni Þór Sigurðsson**  
365 miðlar ehf.



**Benedikt Vilhjálmsson**  
Fálkinn hf.

# Hádegisfyrirlestrar

## Viltu verða hamingjusamari?

27. maí kl. 12-13

Fyrirlesari: Anna Jóna Guðmundsdóttir sálfræðingur  
Í fyrirlestrinum verður fjallað um hamingju og tilfinningar, jákvæðni og styrkleika.

## Tölur og andleg málefni

10. júní kl. 12-13

Fyrirlesari: Hermundur Rósenkranz talnaspekingur  
Fjallað verður um talnaspeki og farið vítt og breitt yfir hinn andlega heim.

Fyrirlestrarir verða á 0. hæð í Húsi verslunarinnar og í gegnum fjarfundabúnað á skrifstofum VR á landsbyggðinni. Léttar veitingar í boði. Skráning á [www.vr.is](http://www.vr.is) eða í síma 510 1700.



## Kortanotkun VR fullkomlega eðlileg

Vegna fyrirspurnar sem bárust frá fjölmiðlum í byrjun febrúar síðastliðinn ákvað stjórn VR að láta fara fram skoðun á allri greiðslukortanotkun félagsins. Endurskoðendur á vegum áhættuþjónustu Deloitte fóru yfir allan rekstrarkostnað VR á árunum 2007, 2008 og 2009. Í skýrslu sinni til stjórnar VR segist Deloitte hafa farið yfir ljósrit af öllum kostnaðarreikningum og fylgiskjölum síðastliðinna þriggja ára og ekki hafi fundist eitt einasta dæmi um misnotkun greiðslukorta í fórum starfsmanna.

Ljóst er að notkun greiðslukorta er langörugasta greiðsluformið sem í boði er til að fylgjast með hvernig farið er með útgjaldaheimildir. Nákvæmar upplýsingar um upphæð, stað og tímasetningu útgjaldanna eru skráðar með rafrænum hætti þegar greiðslukort eru notuð. Mun erfiðara er að meta uppruna kostnaðar þegar stuðst er við kerfi þar sem að starfsmenn leggja sjálfir út fyrir kostnaði og framvísa svo nótum. Alltaf má þó gera betur og í framhaldinu verður farið yfir þær reglur sem gilda um notkun greiðslukorta á vegum félagsins og þær kynntar starfsmönnum. Ekki verður hjá því komist að ákveðnir stjórnendur og lykilstarfsmenn hafi heimildir til að kaupa vörur og þjónustu í nafni félagsins. Hlutfall kostnaðar sem greiddur var með greiðslukortum nam 1,42% af rekstrarkostnaði VR samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri fyrir árið 2009.

Í framhaldi má geta þess að ríkisskattstjóri hefur undanfarið unnið að úttekt á óskattskyldum lögaðilum, þ.á.m. stéttarfélögum. Skoðun embættisins á VR lauk nú í vikunni með staðfestingu þess að bókhald og skattskil félagsins séu í fullu samræmi við lög og reglur. Þetta er í samræmi við væntingar stjórnar og stjórnenda VR, enda hefur ávallt verið lagður metnaður í það af hálfu félagsins að færsla bókhalds og fjármála-kerfi séu í hæsta gæðaflokki

Stjórn VR samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi sínum þann 10. mars 2010:

### Starfsfólk VR nýtur fyllsta trausts

„Stjórn VR fagnar niðurstöðu athugunar á greiðslukortafærslum starfsmanna félagsins. Ljóst er að gott traust þarf að ríkja á milli félaga í stéttarfélögum og þeirra starfsmanna sem fyrir þau starfa. Stjórn VR telur niðurstöðuna staðfesta að fjármál félagsins séu í öruggum höndum. Þungbært hefur verið fyrir starfsmenn að sitja undir því að svo væri ekki. Þá vill stjórn VR benda á, að ólíkt öðrum stórum verkalýðsfélögum, birtir félagið ársreikninga sína á heimasíðu sinni.“





## FÉLAGSMÁL

# Frá aðalfundi VR 2010

410 milljónir króna framlag í Varasjóð

Á annað hundrað manns sátu aðalfund VR þann 28. apríl sl. Formaður VR, Kristinn Örn Jóhannesson, kynnti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2009 – 2010, fór yfir helstu niðurstöður reikninga og stiklaði á stóru í starfseminni. Erfiðleikar á vinnumarkaði settu mark sitt á starfsemi félagsins á árinu og var áhersla lögð á að bregðast við breyttum aðstæðum, m.a. með því að auka þjónustu við félagsmenn sem misstu atvinnuna. Félagið hefur hafið vinnu við endurskoðun laga félagsins og stefnumótun þess til framtíðar sem fjallað verður nánar um á framhaldsaðalfundi í september næstkomandi. Afkoma félagsins er góð þrátt fyrir þrengingar, sagði formaður VR í erindi sínu.

### Góð afkoma

Helga Árnadóttir, forstöðumaður rekstrar- og fjármála-sviðs, kynnti reikninga félagsins. Afkoma ársins 2009 var 341 milljón króna samanborið við 415 milljóna króna tap árið á undan. Hagnaður umfram áætlanir er rúmlega 250 milljónir króna. Tekjur drógust saman um 6% sem er að langmestu leyti tilkomið vegna minni iðgjalda en atvinnulausum félagsmönnum fjölgaði um 1.450 á árinu. Fjármunatekjur jukust umtalsvert, voru 396 milljónir króna og má rekja það til vaxtatekna og gengismunar af verðbréfaeign. Árið á undan var þessi liður neikvæður um 562 milljónir.

Rekstrargjöld jukust um tæplega 5% á milli ára sem rekja má að mestu til aukinna bóta- og styrkgreiðslna. Ásókn í sjóði félagsins var mikil árið 2009, einkum á fyrri hluta árs. Bætur og styrkir jukust um rúmlega 11% eða 104 milljónir króna, mesta aukningin var í dagpeningagreiðslum úr Sjúkrasjóði, einkum vegna geðrænna vandamála og stoðkerfisvandamála. Þá var áhersla lögð á að bregðast við verulegri fjölgun atvinnulausra félagsmanna og voru 20 milljónir lagðar í verkefni því tengdu á árinu.

Efnahagsreikningur VR fyrir árið 2009 endurspeglar varfærna fjárfestingastefnu félagsins en nafnávöxtun eigna var 6,13%. Að nafnvirði er verðbréfaeign VR nú sú sama og í upphafi árs 2008.

### Samþykktar tillögur

Lögð var fram tillaga um 410 milljóna króna framlag í VR varasjóð og var hún samþykkt á fundinum. Lagt verður inn í sjóðinn á þriðjudag og verður hann uppfærður þá. Jafnframt var samþykkt óbreytt félagsgjald,

0,7% af launum. Tillaga sem gerði ráð fyrir 10% hækkun launa stjórnarmanna var felld en samþykkt var að halda launum stjórnarmanna óbreyttum á milli ára.

Á fundinum í gærkvöldi var samþykkt tillaga um að fresta umræðu um lagabreytingar en stjórn félagsins hefur ákveðið að taka lög VR til heildstæðrar endurskoðunar. Boðað verður til framhaldsaðalfundar í september. Á þeim fundi verða jafnframt teknar fyrir tillögur um breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR sem frestað var á fundinum í gærkvöldi.


### Stjórn og trúnaðarráð

Á fundinum var lýst kjöri stjórnar en þrír nýir stjórnarmenn tóku sæti í stjórn í gær í kjölfar kosninga í félaginu í mars. Þá dró einn stjórnarmanna sig í hlé og tók fyrsti varamaður sæti hans. Að aðalfundinum loknum skipti stjórn með sér verkum og er Ásta Rut Jónasdóttir áfram varaformaður og Jóhanna S. Rúnarsdóttir ritari. Að öðru leyti var skipun í ráð og nefndir frestað til fyrsta reglulega stjórnarfundar.

Á aðalfundinum var jafnframt lýst kjöri trúnaðarráðs. Sjá nánar á [www.vr.is](http://www.vr.is).



# FYRIRTÆKI ÁRSINS 2010



**Íslenska gámafélagið** og **Spölur** eru Fyrirtæki ársins 2010 samkvæmt könnun VR, það fyrra í hópi stærri fyrirtækja með 50 eða fleiri starfsmenn og það síðara í hópi minni fyrirtækja. Svarhlutfall í könnuninni var með besta móti, 54% eða rúmlega 12 þúsund svör. Niðurstöðurnar benda til þess að ótryggt ástand á vinnumarkaði og erfið staða þjóðarbúsins hafi frekar þau áhrif að efla samstöðu innan fyrirtækja en ýta undir óánægju og sundrunu. Samskipti starfsmanna og stjórnenda eru yfirleitt góð, sveigjanleiki hefur aukist og miklum meirihluta svarenda líður vel í starfi sínu. Á næstu síðum er fjallað um helstu niðurstöður könnunarinnar og birtir listar yfir stöðu fyrirtækja. Á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), er ítarlegri umfjöllun.



# FYRIRTÆKI ÁRSINS 2010 MINNI FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn	Trúverðuleiki stjórnenda	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Starfsandi	Svarhlutfall í %
<b>Meðaltal</b>	<b>4.102</b>	<b>4.08</b>	<b>3.43</b>	<b>4.08</b>	<b>3.97</b>	<b>4.37</b>	<b>4.25</b>	<b>4.29</b>	<b>4.34</b>	
1. Spölur	4.898	4.96	4.73	4.94	4.50	5.00	4.87	5.00	5.00	70-79
2. Miracle *	4.888	4.97	4.48	4.84	4.85	4.82	5.00	4.98	5.00	80-100
3. Beiersdorf	4.880	4.93	4.14	5.00	4.96	4.94	5.00	5.00	5.00	80-100
4. Verslunartækni	4.874	5.00	4.67	4.93	4.33	4.94	5.00	5.00	4.83	80-100
5. Birtingahúsið	4.858	4.96	4.23	4.97	4.71	5.00	4.80	5.00	5.00	80-100
6. Vélfang	4.848	4.81	4.73	4.97	4.97	4.70	4.67	5.00	4.93	80-100
7. Microsoft Íslandi *	4.821	4.74	4.79	4.89	4.76	4.83	4.67	4.95	4.98	80-100
8. Sigurborg	4.813	5.00	4.33	5.00	3.86	4.75	5.00	5.00	5.00	80-100
9. Gróco *	4.801	4.94	4.35	4.78	4.61	4.75	4.97	4.90	4.83	80-100
10. Globus	4.762	4.93	4.39	4.52	4.46	4.63	4.92	4.88	5.00	60-69
11. Sölufélag garðyrkjumanna	4.739	4.73	4.25	4.71	4.79	4.94	5.00	5.00	4.58	50-59
12. Gogogic *	4.733	4.90	4.19	4.32	4.57	4.80	4.91	4.96	4.91	80-100
13. Bókhald og uppgjör	4.725	4.80	4.16	4.67	4.94	4.72	4.71	4.86	4.85	80-100
14. Iðnmennt	4.708	4.85	3.86	4.52	4.11	5.00	5.00	5.00	5.00	80-100
15. Kjarnavörur	4.696	4.70	4.48	4.64	4.53	4.93	4.76	4.82	4.71	60-69
16. Sæmark	4.690	4.65	4.50	4.75	4.46	4.69	4.67	4.75	5.00	80-100
17. Trackwell-Stefja	4.678	4.73	4.33	4.57	4.73	4.75	4.44	4.94	4.83	80-100
18. Sensa *	4.666	4.66	4.05	4.76	4.58	4.64	4.98	4.78	4.83	80-100
19. Hagvangur *	4.657	4.65	4.27	4.36	4.69	4.71	4.83	4.79	4.94	80-100
20. Karl Kristm. umb.- & heild.	4.636	4.79	4.52	4.63	4.20	4.64	4.52	4.86	4.57	80-100
21. Föt og skór	4.632	4.72	4.33	4.58	4.03	4.72	4.60	4.88	4.90	35-49
22. Árnason Faktor *	4.631	4.75	4.02	4.57	4.58	4.67	4.64	4.82	4.78	80-100
23. Terma	4.618	4.50	4.00	4.61	4.54	4.88	5.00	4.88	4.73	35-49
24. Auður Capital	4.610	4.80	3.75	4.55	4.63	4.50	4.92	4.75	4.67	60-69
25. Fastus	4.609	4.47	4.55	4.59	4.65	4.79	4.90	4.54	4.67	50-59
26. Vatíkanið auglýsingastofa	4.607	4.85	4.17	4.86	4.52	4.81	4.75	4.75	3.92	35-49
27. VSB verkfræðistofa *	4.598	4.79	4.18	4.76	4.37	4.61	4.52	4.65	4.56	80-100
28. Point Transaction Syst Ísl.	4.593	4.60	4.11	4.48	4.27	4.75	4.67	4.83	4.92	80-100
29. Myndform	4.555	4.56	4.33	4.60	4.12	4.58	4.70	4.78	4.63	60-69
30. Knattspyrnufélagið Haukar	4.554	4.80	4.08	4.46	3.82	4.81	4.25	4.75	4.92	50-59
31. Ferðaþjónusta bænda	4.546	4.65	3.74	4.71	3.95	4.65	4.91	4.78	4.67	80-100
32. KOM, almannatengsl	4.542	4.40	4.22	4.38	4.33	4.92	5.00	4.83	4.50	80-100
33. Auglýsingamiðlun	4.538	4.66	3.92	4.31	4.44	4.55	4.80	4.80	4.60	60-69
34. Íspan	4.537	4.61	3.86	4.53	3.75	4.69	4.75	4.91	4.88	80-100
35. BBA Legal	4.527	4.63	3.92	4.61	3.86	4.19	5.00	4.56	5.00	35-49
36. Katla-DMI	4.527	4.63	4.44	4.48	4.36	4.50	4.22	4.58	4.75	80-100
37. Margt smátt	4.526	4.68	4.13	4.27	4.25	4.65	4.70	4.68	4.60	80-100
38. Lögfræðistofa Reykjavíkur	4.523	4.64	3.60	4.74	4.27	4.55	4.47	4.80	4.80	80-100
39. Heilsa	4.521	4.59	3.43	4.43	4.53	4.57	4.86	4.75	4.86	50-59
40. Tengi *	4.515	4.56	3.93	4.53	4.18	4.60	4.73	4.71	4.70	80-100
41. Pfaff	4.500	4.65	4.00	4.32	3.93	4.56	4.75	4.75	4.67	35-49
42. Veritas Capital *	4.500	4.57	3.61	4.50	4.18	4.65	4.59	4.86	4.82	80-100
43. Tandur	4.489	4.41	3.97	4.38	4.16	4.72	4.85	4.72	4.74	50-59
44. Járn og gler	4.487	4.50	4.13	4.40	4.27	4.31	4.72	4.83	4.56	60-69
45. Samhentir Kassagerð	4.478	4.47	4.26	4.60	4.28	4.75	4.49	4.65	4.37	50-59
46. Pipar/TBWA	4.476	4.70	4.04	3.86	4.22	4.59	4.57	4.63	4.83	35-49
47. Ásbjörn Ólafsson	4.474	4.47	3.73	4.55	4.42	4.62	4.74	4.69	4.56	70-79
48. Úthafsskip	4.473	4.40	4.50	4.57	4.46	4.13	4.67	4.63	4.42	80-100
49. Mekka Wines & Spirits	4.469	4.71	3.72	4.05	4.37	4.79	4.71	4.63	4.50	35-49
50. Fossberg	4.463	4.44	3.72	4.22	4.12	4.68	4.81	4.79	4.86	70-79
51. Sameinaði lífeyrissjóðurinn	4.459	4.59	4.06	4.63	4.23	4.58	3.67	4.72	4.85	70-79
52. Hátækni *	4.458	4.47	3.75	4.54	4.49	4.59	4.61	4.69	4.52	80-100
53. Kemi *	4.454	4.33	4.06	4.71	4.28	4.51	4.58	4.53	4.71	80-100
54. Hvíta húsið *	4.453	4.59	3.46	4.17	4.40	4.51	4.74	4.67	4.81	80-100
55. Fíton *	4.440	4.46	3.58	4.34	4.08	4.66	4.79	4.74	4.74	80-100
56. Nordic Visitor Iceland	4.438	4.61	4.24	3.98	4.12	4.25	4.74	4.69	4.48	50-59

\*Allir starfsmenn þessara fyrirtækja, án tillits til stéttarfélagsaðildar, fengu senda könnun VR á Fyrirtæki ársins.

57. Fulltingi
58. VSÓ Ráðgjöf
59. Garri *
60. Krýna
61. Tryggingar og ráðgjöf
62. Hvítlist
63. Artasan *
64. Dansrækt JSB
65. Grænn markaður
66. Fjárstoð *
67. Avant
68. Smith og Norland
69. S. Guðjónsson *
70. Atlantsolía
71. Kirkjumálasjóður
72. Kvos *
73. Knattspyrnusamband Ísl.
74. Karl K. Karlsson *
75. Steypustöðin
76. Mentor
77. Hugvit
78. Annata
79. Forlagið
80. Amadeus Island
81. Hreyfill svf.
82. Breiðablik, ungmennafélag
83. Cetus
84. Nortek
85. Gildi lífeyrissjóður *
86. Útgáfufélagið Heimur
87. Læknisfræðileg myndgr.
88. Eirvik
89. Fálkinn *
90. Lífeyrissj. verzlunarmanna *
91. EnnEmm
92. ÍÐAN – fræðslusetur
93. Samfylkingin
94. Halldór Jónsson
95. Íþróttta-og ólympiusamb. Ísl.
96. Hugsmiðjan
97. LS Retail
98. Grant Thornton endursk.
99. Íslensk getsþá sf.
100. Kraftvélar
101. Ó. Johnson & Kaaber
102. Múlalundur
103. Hópinnukerfi
104. Miðbaugur
105. Íslenska umboðssalan
106. Verkfræðistofa suðurlands
107. Vélaborg
108. Fél. vélstj. og málmteknim.
109. Danfoss
110. Jónar Transport *
111. Toyota á Íslandi
112. Würth á Íslandi



	Heildareinkunn	Trúverðuleiki stjórnenda	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Starfsandi	Svarhlutfall í %
169. Smáralind	3.824	3.70	4.00	4.14	3.55	4.83	3.67	3.25	3.92	80-100
170. Heimilislæknastöðin	3.820	3.90	2.67	3.71	3.55	4.55	4.00	4.15	4.00	80-100
171. Miðbúðin (Þín verslun)	3.817	3.86	2.68	3.56	3.16	4.32	4.71	4.14	4.00	35-49
172. Stoð stoðtækjasmíði	3.804	3.77	3.06	3.82	3.94	3.92	4.27	4.05	3.71	50-59
173. Hagar	3.800	3.96	2.93	3.83	3.64	4.30	3.42	3.96	4.17	60-69
174. Hýsing-vöruhótel *	3.796	3.86	2.81	4.13	3.52	4.42	3.88	3.67	4.08	35-49
175. The Pier	3.792	3.76	3.24	4.12	3.94	3.57	4.00	3.93	3.76	70-79
176. Maður lifandi	3.788	3.80	2.67	3.79	3.29	4.20	3.80	4.00	4.60	50-59
177. A4	3.771	3.57	3.27	3.73	3.74	4.21	3.96	4.02	4.02	70-79
178. Domus Medica	3.769	3.61	2.73	3.53	3.43	4.46	4.05	4.21	4.33	80-100
179. Okkar liftryggingar	3.760	3.76	3.40	3.94	4.13	4.15	2.67	3.70	4.40	50-59
180. KFUM og KFUK Reykjavík	3.759	3.68	3.36	4.05	3.82	4.19	4.00	3.94	3.33	80-100
181. Edda útgáfa	3.751	3.67	3.11	3.84	4.14	3.78	3.88	3.84	3.92	70-79
182. Hæppdrætti Háskóla Íslands	3.747	3.83	2.96	3.71	3.84	4.05	3.47	4.05	3.97	50-59
183. Hópbílar	3.745	3.74	2.50	3.55	3.66	4.58	4.25	3.84	4.04	50-59
184. Rafkaup	3.732	3.25	4.08	4.04	3.69	3.75	4.50	3.44	3.83	50-59
185. Proact	3.707	3.71	2.88	3.62	3.33	4.13	4.00	4.13	3.83	60-69
186. Guðmundur Jónasson	3.701	3.65	2.44	3.45	3.10	4.33	4.33	4.08	4.22	50-59
187. Endurvinnslan	3.701	3.13	2.50	4.04	3.08	4.56	4.50	4.31	4.25	50-59
188. Netbókhald.is	3.700	3.18	2.75	3.89	4.00	4.13	4.25	3.81	4.42	80-100
189. Bræðurnir Ormsson	3.697	3.43	2.74	4.04	3.23	4.18	4.53	3.63	4.17	50-59
190. DIMAR	3.688	3.46	2.60	3.60	3.49	4.00	4.13	4.05	4.40	35-49
191. SP – fjármögnun	3.684	3.74	3.32	4.27	3.73	3.71	2.51	3.72	4.26	50-59
192. Dynjandi	3.677	3.17	3.50	4.71	3.74	3.65	4.53	3.38	3.52	70-79
193. Læknastöðin Glæsibæ	3.675	3.60	2.53	3.90	3.21	4.35	4.06	4.15	3.72	80-100
194. Ál nabær	3.669	3.73	2.42	4.15	3.04	4.00	4.00	3.38	4.42	35-49
195. Momentum	3.663	3.34	3.44	3.89	4.15	3.91	3.44	4.00	3.71	50-59
196. TVG Zimsen	3.663	3.58	2.73	3.74	3.62	3.99	4.03	3.90	3.86	80-100
197. Tannsmiðjan Króna sf.	3.643	3.18	2.92	3.86	3.99	3.94	3.92	4.06	4.00	60-69
198. 2012	3.640	3.56	2.92	3.14	3.80	3.75	4.13	3.95	4.00	70-79
199. Bílaleigan Berg	3.636	3.87	2.67	3.21	3.43	4.31	3.67	3.63	4.08	60-69
200. Bernhard	3.628	3.48	2.79	3.77	3.48	3.89	4.15	3.75	3.93	50-59
201. Álfaborg	3.626	3.20	3.58	3.70	3.11	4.22	4.42	3.69	3.75	50-59
202. Neyðarlínan	3.623	3.57	2.20	3.78	2.92	4.14	4.26	4.08	4.00	50-59
203. Parki	3.620	3.80	3.00	3.80	3.11	4.25	3.58	3.31	3.92	50-59
204. Þekking	3.611	3.46	2.93	3.44	4.13	3.65	3.93	3.50	4.13	60-69
205. Heimsferðir	3.609	3.42	2.67	3.97	3.29	4.40	3.87	3.95	3.67	35-49
206. Heildverslunin Rún	3.572	3.37	2.41	4.02	3.86	4.13	3.67	3.78	3.68	60-69
207. Læknasetrið	3.572	3.31	2.71	3.83	3.53	4.24	3.91	3.85	3.70	80-100
208. Artica	3.560	3.38	3.25	3.75	3.57	4.00	3.33	3.44	4.08	50-59
209. Z-brautir og gluggatjöld	3.549	3.40	3.42	3.57	3.14	3.75	3.83	3.75	3.67	50-59
210. Sendiráð Bandaríkjanna	3.530	3.68	3.02	3.23	3.25	4.16	3.20	3.92	3.61	35-49
211. SMI Iceland	3.507	3.23	2.11	3.50	3.39	3.90	3.75	4.38	4.08	60-69
212. Samtök iðnaðarins	3.506	2.98	4.08	4.36	3.71	3.88	3.67	3.44	2.92	80-100
213. Humac	3.497	3.20	2.83	3.66	3.73	3.91	3.17	3.75	4.17	35-49
214. Pegasus	3.491	3.33	2.22	4.00	3.42	4.04	4.22	3.50	3.56	60-69
215. Ferðaskrifstofa Íslands	3.483	3.35	2.48	3.61	3.68	4.36	3.21	3.52	4.02	35-49
216. Stafir lífeyrissjóður	3.480	3.42	2.67	3.51	3.83	3.80	3.33	3.45	4.00	70-79
217. Dreifing	3.470	3.40	2.59	3.47	3.77	4.43	3.28	3.61	3.62	35-49
218. MAX	3.469	3.07	3.08	3.07	3.18	4.25	3.56	3.46	4.67	60-69
219. K. Richter	3.434	3.09	3.20	3.57	3.31	4.25	3.42	3.65	3.61	-
220. Sportís	3.424	3.38	2.76	3.40	3.30	3.90	3.47	3.75	3.54	-
221. Tæknivörur *	3.422	3.58	2.24	2.86	3.44	4.04	3.75	3.65	3.75	-
222. Sjónlag	3.412	3.42	2.61	4.14	2.29	4.21	3.94	3.33	3.33	-
223. Aðalgröf /Hótel Reykjavík CE	3.387	2.65	2.44	3.76	2.94	4.67	4.23	4.08	3.52	-
224. Virðing	3.373	3.13	2.44	3.48	3.57	3.92	3.67	3.17	4.08	-
225. Forval *	3.270	3.16	2.84	3.57	3.68	3.58	2.64	3.22	3.70	-
226. Áberandi	2.970	2.72	2.38	2.62	3.96	3.75	2.67	2.58	3.83	-
227. Dýraland	2.586	2.35	2.31	2.00	3.04	3.63	3.17	2.69	2.33	-
228. Mál og menning	2.457	1.83	2.00	3.11	2.80	3.75	2.28	2.25	2.92	-

\*Allir starfsmenn þessara fyrirtækja, án tillits til stéttarfélagsaðildar, fengu senda könnun VR á Fyrirtæki ársins.

Alls fengu rúmlega 24 þúsund eintaklingar sendan spurningalista í könnun á Fyrirtæki ársins 2010, þar af um 20 þúsund félagsmenn og ríflega fjögur þúsund aðrir starfsmenn í 83 fyrirtækjum en forsvarsmenn þessara fyrirtækja buðu öllum starfsmönnum þátttöku, óháð því í hvaða stéttarfélagi þeir voru. Þessi fyrirtæki eru merkt með \* í listanum.

Könnunin var gerð í febrúar og mars á þessu ári og sá Capacent um framkvæmd og úrvinnslu. Svarhlutfall var 54% eða sama svarhlutfall og í fyrra. Mikill meirihluti, eða níu af hverjum tíu svörum voru rafræn og var svörin á netinu mun betri en hjá þeim sem svöruðu prentuðum eintökum. Þrír af hverjum fjórum fengu rafræna könnun en fjórðungur pappakönnun.

Allir félagsmenn VR höfðu tækifæri til að svara að því tilskyldu að þeir hefðu greitt lágmarksfélagsgjald á tólf mánaða tímabili, frá október 2008 til september 2009. Haft var samband við félagsmenn og þeim boðin þátttaka. Aðrir þátttakendur en fullgildir félagsmenn VR fengu senda könnun samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjunum þar sem það átti við.

Fyrirtækjum í könnuninni er skipt í tvo hópa, stærri fyrirtæki þar sem starfa 50 eða fleiri starfsmenn og minni fyrirtæki en þar eru starfsmenn 49 eða færri. Lágmarkssvarhlutfall var 35% eða fjórir starfsmenn hjá minni fyrirtækjum og tíu hjá þeim stærri. Alls uppfylltu 338 fyrirtæki þessar kröfur og byggja niðurstöður í Fyrirtæki ársins 2009 á svörum starfsmanna þessara fyrirtækja. Svarhlutfall hjá fyrirtækjum í tíu neðstu sætum er ekki birt en þessi fyrirtæki uppfylla þó öll skilyrði um lágmarkssvörin.

Niðurstöðum könnunarinnar er skipt í átta lykilmæt. Þessir þættir eru: trúverðugleiki stjórnenda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd, ánægja og stolt og starfsandi. Hverjum þætti er gefin einkunn á bilinu einn til fimm og saman mynda þær niðurstöður heildareinkunn fyrirtækisins.

Heildareinkunn stærri fyrirtækja lækkaði á milli ára, er nú 3,981 að meðaltali en var í fyrra 4,015. Hjá minni fyrirtækjum hefur einkunnin hins vegar hækkað, heildareinkunn er að meðaltali 4,102 en var 4,098 í fyrra. Einkunnir fyrir flesta þætti lækka á milli ára nema fyrir sveigjanleikann. Lækkun kemur ekki á óvart m.t.t. stöðunnar á vinnumarkaði og þjóðarþúsins í heild. E.t.v. kemur frekar á óvart að einkunnir hafi ekki lækkað meira í ljósi þessa ástands.

Í þessu VR blaði eru birtir tveir lista, yfir stærri og minni fyrirtæki. Á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), má að auki sjá samanburðarlista síðustu ára og frekari umfjöllun um niðurstöðurnar, framkvæmdina og hugmyndafræðina.

VR tekur ekki sæti á lista yfir Fyrirtæki ársins 2010 en birtir hér einkunnir félagsins. Heildareinkunn er 4,15 og einkunnir fyrir þættina sem hér segir: trúverðugleiki stjórnenda 4,01, launakjör 4,01, vinnuskilyrði 4,63, sveigjanleiki vinnu 4,00, sjálfstæði í starfi 4,41, ímynd 3,44, ánægja og stolt 4,33 og starfsandi 4,50.

## Sigurvegarnir

**Íslenska gámafélagið** fékk 4,59 í heildareinkunn en meðaltal stærri fyrirtækja var 3,98. Hæsta einkunn er 5. Einkunnir fyrir lykilþættina átta voru allar yfir 4,0 og er Íslenska gámafélagið eina fyrirtækið á lista stærri fyrirtæki sem enga einkunn fær undir fjórum. Hæsta einkunnin er fyrir starfsanda, 4,85 en meðaltal stærri fyrirtækja er 4,30. Starfsandi tekur m.a. til góðra samskipta á vinnustaðnum, hvort þau séu ópvinguð og hispurslaus. Þá fær trúverðugleiki stjórnenda 4,66 í einkunn hjá Íslenska gámafélaginu sem er umtalsvert hærra en meðtalið sem er 3,98. Undir þessum lið er bæði spurt um viðhorf svarenda til stjórnunar fyrirtækisins og samskipta við næstu yfirmenn. Þátturinn launakjör fær einnig mun hærra einkunn hjá Íslenska gámafélaginu en meðtalið eða 4,21 á móti 3,12. Íslenska gámafélagið hefur ekki áður komist inn á lista yfir Fyrirtæki ársins.

**Spölur** er fyrirtæki ársins í hópi minni fyrirtækja með 4,9 í heildareinkunn en meðtalið var 4,1 hjá minni fyrirtækjum. Í fyrra var Spölur í 16 sæti með einkunnina 4,57. Í ár fékk Spölur fullt hús stiga eða fimm stig fyrir þrjá af átta lykilþáttum: Starfsanda, Sjálfstæði í starfi og Ánægju og stolt (sjá um lykilþættina á bls. 17). Sjálfstæði í starfi mælir bæði hvernig svarendur meta eigin áhrif á hvernig starfið er unnið og einnig hveru góð tók þeir hafa á starfinu að eigin mati. Ánægja og stolt tekur m.a. til þess hversu vel svarendum líður í vinnunni og hvort þeir myndu mæla með vinnustaðnum. Spölur er einnig ofarlega á lista í öðrum þáttum, þ.m.t. launakjörum en það er sá þáttur sem lækkaði mest á milli ára að meðaltali og kemur það líklega engum á óvart.

## Hástökkvararnir

**Johan Rönnung** er hástökkvari ársins í hópi stærri fyrirtækja, fer úr sæti 68 í fyrra í 13. sætið í ár. Einkunnir fyrir alla þættina átta hækka á milli ára hjá fyrirtækinu, sumar umtalsvert. Heildareinkunn fyrirtækisins í ár er 4,33 en var 3,96 í fyrra. (Lægsta einkunn sem hægt er að gefa er 1,00 en sú hæsta er 5,00. Meðtaltal stærri fyrirtækja er 3,98)

Ánægja með sveigjanleika í starfi hefur aukist mikið hjá fyrirtækinu og fær þessi þáttur nú einkunnina 4,13 á móti 3,36 í fyrra. Sama má segja um vinnuskilyrði en einkunn fyrir þau hækkar úr 3,94 í 4,40. Ímynd og trúverðugleiki stjórnenda hækka líka á milli ára, Johann Rönnung fær nú 4,60 í einkunn fyrir ímynd fyrirtækis og 4,25 í einkunn fyrir trúverðugleika stjórnenda á móti 4,21 og 3,99 á síðasta ári.

**Hagvangur** er hástökkvarinn í flokki minni fyrirtækja, fer úr sæti 221 árið 2009 í 19. sætið í ár og er þetta mesta hækkan á lista frá upphafi könnunar VR á Fyrirtæki ársins. Fjöldi fyrirtækja á lista er svipaður á milli ára. Hagvangur hefur undanfarin ár oft verið ofarlega á lista og var valið Fyrirtæki ársins í flokki minni fyrirtækja árið 2004.

Heildareinkunn Hagvangs hækkar úr 3,49 árið 2009 í 4,66 í ár og einkunnir fyrir alla lykilþættina átta hækka á milli ára. Mest hækka einkunnir fyrir trúverðugleika stjórnenda (fer úr 2,97 árið 2009 í 4,65 í ár) og fyrir ánægju og stolt af fyrirtæki (fer úr 3,00 í 4,79 í ár). Starfsandinn hefur einnig batnað mikið á milli ára, Hagvangur fékk 3,44 í einkunn fyrir starfsanda árið 2009 en fær núna 4,95.

# FYRIRTÆKI ÁRSINS 2010 **FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI**

Frá árinu 2005 hefur VR heiðrað sérstaklega fyrirtækin í tuttugu efstu sætunum í hvorum flokki og veitt þeim viðurkenningar fyrir frábæran árangur. Á heildarlistanum yfir fyrirtæki ársins að þessu sinni eru 338 fyrirtæki, 110 á lista stærri fyrirtækja og 228 á lista minni fyrirtækja. Það hlýtur því að teljast nokkuð góður árangur að komast í eitt af tuttugu efstu sætunum í hvorum flokki fyrir sig, ekki síst í ljósi þess að fjöldi fyrirtækja hefur þurft að skerða kjör og starfshlutfall starfsmanna sinna vegna erfiðleika í ytra umhverfi.

Sum fyrirtækin eru fastagestir á listanum, hvort sem árar vel eða illa, og sýna með því hversu miklu skiptir að sinna mannauðsstjórnun fyrirtækisins vel. Önnur fyrirtæki hafa unnið sig upp listann og eru dæmi um fyrirtæki sem hafa verið mjög neðarlega fyrst um sinn en verma nú ítrekað eitt af fyrirmyndarsætunum.

Við óskum Fyrirmyndarfyrirtækjum 2010 til hamingju með árangurinn og vonumst til að sjá þau aftur á þessum lista að ári.

Hér er listi yfir fyrirmyndarfyrirtækin í stafrófsröð, annars vegar í hópi stærri fyrirtækja og hins vegar í hópi minni fyrirtækja.

## Stærri fyrirtæki

1912 ehf.  
Alcan á Íslandi  
Betware á Íslandi  
CCP  
Fjarðarkaup  
Gróðurvörur  
Icepharma  
Íslenska gámafélagið  
Johan Rönning  
Logos  
Lýsi  
Maritech  
Nova  
Parlogis  
Prentsmiðjan Oddi  
Rauði kross Íslands  
Securitas  
Sorpa  
Öryggismiðstöð Íslands  
Össur

## Minni fyrirtæki

Beiersdorf  
Birtingahúsið  
Bókhald og uppgjör  
Globus  
Gogogic  
Gróco  
Hagvangur  
Iðnmennt  
Karl Kristmanns umboðs- & heildversl.  
Kjarnavörur  
Microsoft Íslandi  
Miracle  
Sæmark  
Sensa  
Sigurborg  
Sölufélag Garðyrkjumanna  
Spölur  
Trackwell-Stefja  
Vélfang  
Verslunartækni







## Hvað er verið að kanna?

Í könnun VR á Fyrirtæki ársins eru þátttakendur beðnir um að leggja mat á sitt innra starfsumhverfi og afstöðu sína og annarra til fyrirtækisins. Mælingin nær til átta lykilþátta sem spanna allt frá vinnuaðstæðum til samskipta á vinnustaðnum.

### Þættirnir eru:

- 1. Trúverðugleiki stjórnenda.** Í þessum hluta er m.a. spurt um samskipti við yfirmann og viðhorf til stjórnenda. Leitað er eftir því hvort svarendur bera traust til stjórnenda, hvort sanngirni ríki í samskiptum yfirmanna og annarra starfsmanna og hvort yfirmenn hrósi og hvetji starfsfólk.
- 2. Starfsandinn.** Spurningarnar sem liggja að baki þessum þætti lúta að samskiptum og starfsanda á vinnustað.
- 3. Launakjör.** Hér er spurt um ánægju fólks með launakjör sín og hvort svarendur telji að launakjörin séu ákveðin af sanngirni.
- 4. Vinnuskilyrði.** Þessi þáttur nær yfir ánægju svarenda með sitt vinnuumhverfi, s.s. vinnurými og tækjabúnað, en einnig öryggi og aðgengi að bílastæðum svo eitthvað sé nefnt.
- 5. Sveigjanleiki vinnu.** Þetta er sá þáttur sem vefst hvað mest fyrir fólki því mat á sveigjanleika er mjög einstaklingsbundið. Þess vegna eru margar spurningar í listanum sem fjalla um þennan þátt, s.s. sveigjanleiki vinnutímans, svigrúm í vinnutíma, tímasetningar á fríum og samræming vinnu og einkalífs.
- 6. Sjálfstæði í starfi.** Hér er m.a. spurt um hversu góð tök svarendur telja sig hafa á sínu starfi, hversu mikil áhrif viðkomandi hefur á það hvernig það er unnið og hvort markmiðin með starfinu séu skýr.
- 7. Ímynd.** Eins og orðið gefur til kynna er hér verið að kanna ímynd fyrirtækisins og fólk beðið að meta hvernig aðrir líta á það. Spurt er um traust á fyrirtækinu og hvernig starfsfólk telur að umræðan um það sé.
- 8. Ánægja og stolt.** Hér er aftur á móti verið að spyrja hvernig þátttakandanum sjálfum líður í starfi, hvort hann sé stoltur af sínu fyrirtæki og myndi mæla með fyrirtækinu við vini sína.

Umrót undanfarna mánuði á vinnumarkaði hefur óhjákvæmilega haft áhrif á lykilþættina í könnun VR og sjást þess merki í niðurstöðunum. Engu að síður er breyting á einkunnum á milli ára minni en ætla mætti og er staðan til dæmis betri þetta árið en hún var árið 2007 í nær öllum þáttum.

## Samkennd og samstaða

Á milli áruna 2008 og 2009 hækkuðu einkunnir almennt. Þar sem könnunin um Fyrirtæki ársins er gerð í upphafi hvers árs endurspeglar könnunin árið 2008 stöðuna vel fyrir hrun. Það kom því á óvart þegar niðurstöðurnar í fyrra bentu til þess að innra starfsumhverfi fyrirtækjanna væri betra en það var árið 2008. Mögulegar skýringar á þessari jákvæðu þróun eru nokkrar, eins og fjallað var um í VR blaðinu fyrir ári. Það er alþekkt að þegar ytri ógn steðjar að eða þegar óvissan er mikil þjappar fólk sér saman og leitar eftir styrk hvert hjá öðru. Þetta kann að hafa gerst í einhverjum mæli á vinnustöðum eftir hrun. Samskipti batna og allir leggjast á eitt við að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækisins.

Tómas Bjarnason, forstöðumaður starfsmanna- og kjararannsóknna hjá Capacent segir niðurstöðurnar í könnuninni í ár benda til þess að þessar tilfinningar séu enn til staðar þó nokkuð sé liðið frá hruni. En fleiri skýringar eru þó mögulegar. Tómas segir óhjákvæmilegt að þegar fólk meti aðstæður sínar þurfi það að bera sig saman við aðra. Í dag sé ekki sjálfgefið að fólk hafi vinnu eða þá að það þarf að sætta sig við lægri tekjur. Niðurstöðurnar bendi því til þess að vinnandi fólk meti stöðu sína ennþá hlutfallslega góða þrátt fyrir gríðarlegar breytingar og mikla óvissu. Það skýri helst þá staðreynd að einkunnir lækki ekki meira en raun ber vitni milli ára.


## Þróun einkunna í könnun VR á Fyrirtæki ársins

Hér að neðan má sjá þróun einkunna fyrir lykilþættina sem og heildareinkunnar frá árinu 2004 til ársins 2010. Hafa verður í huga að breytingar hafa verið gerðar á spurningalistanum, s.s. varðandi ímynd og ánægju, og endrum og sinnum hefur orðalagi spurninga verið breytt örlítið. Það getur haft áhrif á samanburð á milli ára. En taflan hér að neðan sýnir engu að síður marktæka þróun á helstu lykilþáttum könnunarinnar á þessum árum.

## Þróunin 2004 - 2010\*

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Heildareinkunn	3,79	3,83	3,89	3,93	4,01	4,08	4,04
Trúverðugleiki stjórnenda	3,74	3,83	3,81	3,83	4,00	4,12	4,05
Starfsandi	4,21	4,24	4,24	4,26	4,34	4,37	4,35
Launakjör	3,18	3,19	3,20	3,24	3,41	3,40	3,26
Vinnuskilyrði	3,73	3,88	3,83	3,85	3,90	4,05	4,03
Sveigjanleiki vinnu	3,60	3,62	3,49	3,57	3,91	3,92	3,96
Sjálfstæði í starfi	4,24	4,25	4,20	4,22	4,38	4,41	4,33
Ímynd fyrirtækis	4,11	4,20	4,11	4,11	4,28	4,11	4,07
Ánægja og stolt						4,30	4,26

\*Þessar tölur byggja á svörum allra þátttakenda, burtséð frá því hvort fyrirtækið sem viðkomandi starfar hjá komst á lista yfir fyrirtæki ársins eða ekki.





**Könnun VR tekur á mörgum þáttum í starfs-  
umhverfinu og eru hér birtar nokkrar helstu  
niðurstöður hennar. Ítarlegri umfjöllun  
er á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is).**

**Trúverðugleiki stjórnenda** er einn lykilþátta í könnun VR á Fyrirtæki ársins og hefur einkunn fyrir þennan þátt hækkað jafnt og þétt síðustu ár. Árið 2004 var einkunn fyrir þennan þátt 3,7 að meðaltali en er í ár tæplega 4,1, aðeins lægra en í fyrra. Í þessum þætti er m.a. spurt um traust til stjórnenda sem hefur aukist mikið, árið 2004 sögðust 39% bera mikið traust til stjórnenda fyrirtækisins en í könnuninni ár er það hlutfall komið í 46% sem er sama einkunn og í fyrra. Þá hefur orðið mikil breyting í samskiptum starfsmanna og yfirmanna, árið 2004 sagðist sléttur helmingur svarenda fá stuðning og hvatningu frá stjórnendum fyrirtækisins en í ár er það hlutfall komið í 67% og var 68% á síðasta ári. Og að lokum má bæta því við að mun fleiri segja yfirmann sinn koma fram af sanngirni núna en árið 2004 eða 83% á móti 74%.

Það er áhugavert að **sveigjanleiki í starfi** eykst á milli áranna 2009 og 2010 og hefur aukist mikið frá árinu 2004. Undir þessu lið er m.a. spurt um viðveru á vinnustað og einnig hvernig fólki tekst að samræma vinnu og einkalíf. Rétt rúmlega fjórir af hverjum tíu hafa sveigjanlega viðveru á vinnustað á móti 32% í fyrra og 30% árið 2004. Þá segjast 86% eiga auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf en árið 2004 var þetta hlutfall 83%. Ánægja með sveigjanleikann er mikil, 88% eru ánægð með þann sveigjanleika sem þeir njóta í vinnunni en árið 2004 voru 79% ánægð.

**Ímynd** margra fyrirtækja hefur orðið fyrir hnjaski í kjölfar hrunsins og sést það á niðurstöðunum í könnun VR. Árið 2008 var meðaleinkunn fyrir þennan þátt 4,28 en hefur lækkað mikið og er í dag 4,07 sem er eilítið lægra en árið 2004. Undir þessum lið er m.a. spurt hvernig umræða um fyrirtækið sé og hvort fyrirtækið sé talið traust. Einkunnir fyrir hvoru tveggja eru komnar undir meðaltalið árið 2004.

Árið 2007 var fyrst spurt almennt um **líðan í starfi** og hafa niðurstöðurnar alltaf verið mjög jákvæðar, árið 2007 sögðust 85% líða vel í starfi sínu. Það hlutfall hækkaði jafnt og þétt þangað til að örlítið dróg úr vellíðan í ár, 88% líður vel í starfi á móti 89% í fyrra. Mikill meirihluti er stoltur af sínu fyrirtæki, eða 83% og rúmlega átta af hverjum tíu geta mælt með vinnustaðnum við vini sína.

## FYRIRTÆKI ÁRSINS 2010 SAMANBURÐUR VR OG SFR

Undanfarin ár hafa sömu spurningar verið lagðar fyrir félagsmenn í VR og SFR, stéttarfélags í almannajónustu en þeir starfa í opinbera geiranum og hjá sjálfseignarstofnunum. Og eins og undanfarin ár er umtalsverður munur á niðurstöðunum.

Starfsmenn á hinum almenna vinnumarkaði eru almennt jákvæðari en starfsmenn hjá hinu opinbera eins og sjá má í töflunni hér að neðan. Fyrst skal nefna að heildareinkunn fyrirtækja hjá VR er 4,06 að meðaltali og eru þá stærri og minni fyrirtæki tekin saman. Hjá SFR er meðaleinkunnin 3,85 og hefur munurinn aukist á milli ára. Hjá félagsmönnum beggja stéttarféлага fær launabátturinn lægstu einkunn, alveg eins og undanfarin ár, en ljóst er að óánægja með launin er meiri meðal opinberra starfsmanna og hefur sú óánægja aukist meira en á almenna markaðnum.

Þá vekur það áhuga í þessum samanburði að trúverðugleiki stjórnenda hefur nánast staðið í stað á milli ára á almenna markaðnum á meðan dregið hefur lítillega úr honum hjá stofnunum hins opinbera. Einnig hefur einkunn fyrir ánægju í starfi og stolt af vinnustað lækkað hjá starfsmönnum hjá hinu opinbera en er nánast óbreytt hjá starfsmönnum á almennum vinnumarkaði.

	2010*		2009*	
	VR	SFR	VR	SFR
Heildareinkunn	4,06	3,85	4,07	3,91
Trúverðugleiki stjórnenda	4,05	3,84	4,04	3,96
Starfsandi	4,32	4,17	4,31	4,19
Launakjör	3,33	2,76	3,44	2,94
Vinnuskilyrði	4,05	3,91	4,06	3,92
Sveigjanleiki vinnu	3,97	3,73	3,91	3,70
Sjálfstæði í starfi	4,35	4,25	4,32	4,29
Ímynd fyrirtækis / stofnunar	4,16	3,83	4,18	3,89
Ánægja og stolt	4,27	4,13	4,28	4,28

\*Þessar tölur byggja einungis á einkunnum fyrirtækja / stofnana sem komust á lista yfir fyrirtæki ársins / stofnun ársins, og því er ólíklegt munur á þessum tölum og þeim sem birtar eru á bls. 18.





## Útilegu- og veiðikort

Hægt er að kaupa útilegukortið og/eða veiðikortið á vr.is og á skrifstofum VR. Útilegukortið kostar kr. 6.900 (innifalið afsláttarkort) og veiðikortið kr. 3.500. Til að kaupa kortið á vefnum þarftu að skrá þig inn á Míнар síður en þar er hlekkur sem leiðir þig áfram. Eftir að greitt hefur verið fyrir kortið á netinu, verður það sent heim til viðkomandi félagsmanns. Athugið að hver félagsmaður getur eingöngu fengið eitt kort og er kortið stílað á viðkomandi.

## Gerð tjaldsvæðis í Miðhúsaskógi

Stjórn VR samþykkti nýverið að hefja framkvæmdir við tjaldsvæði í Miðhúsaskógi. Lagt verður upp í fyrsta áfanga með 30-40 stæði fyrir tjaldvagna og hjólhýsi, auk venjulegra tjaldstæða. Svæðið verður staðsett fyrir ofan umsjónarhús, þ.e. til hægri þegar ekið er inn á orlofshúsasvæðið í Miðhúsaskógi. Undirbúningur hefst fljótlega og vinna hefst af fullum krafti í haust en áætlað er að svæðið verði tekið í notkun næsta sumar. Þetta eru fyrstu nýframkvæmdir á orlofshúsasvæði félagsins í Miðhúsaskógi í 14 ár.

## Gangið vel um orlofshúsin

Nú er sumarið framundan með tilheyrandi ferðalögum. VR hefur nú til ráðstöfunar um 50 orlofshús víðsvegar um landið og auk þess 25 tjaldvagna en bókast hefur vel fyrir sumarið. Enn er þó hægt að finna lausa daga innan um. Mögulega bætast fleiri hús við til bóknar fyrir sumarið. Þau verða kynnt jafnóðum til sögunnar á netinu sem og önnur tilboð.

Flestir ganga snyrtilega um húsin enda sameign félagsmanna. Rétt er þó að minna á að allir eiga að gera hreint eftir veru sína og viljum við benda á að oftast er það sömu hlutirnir sem verða útundan. Það gleymist t.d. oft þrífa grillið, bakarofninn, salernið og niðurfallið í sturtubotninum. Ruslinu þarf einnig að skila í gáminn við brottför. Gangið vel um húsin því á eftir einum gesti kemur annar. VR óskar orlofshúsagestum ánægjulegrar dvalar í sumar.

# Eitthvað við allra hæfi

VR, í samstarfi við fjölmarga aðila býður félagsmönnum sem hafa misst vinnuna, og fá greiddar atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun, upp á fjölbreytta valkosti. ÖLL námskeiðin eru atvinnulausum félagsmönnum VR að kostnaðarlausu.



## Mímir símenntun hjálpar þér

Atvinnuleitin, ferilskráin og færnismappan, náms- og starfsráðgjöf.

## Veiði- og útilegukort

Fyrir atvinnuleitendur þeim að kostnaðarlausu.

## KFUM & K sumarþúðir fyrir börn

## Leikjanámskeið fyrir börn

## Hamingjunámskeið hjá Önnu Jónu

Hamingja, tilfinningar og styrkleikar. Sjá bls. 30.

## Alltaf eitthvað nýtt hjá Hlutverkasetri

Kórsöngur, Facebook, teikning, tölvuvinnsla og margt fleira.

## Nýttu kraftinn

Verkfærakista, ferilskrá, tengslanet, áhugsviðspróf og hvatning og stuðningur við atvinnulausa. Nýtt námskeið hefst 18. - 19 maí.

## Bóthildur án endurgjalds

Notendavænt bókhaldskerfi fyrir þá sem vilja öðlast betri yfirsýn.

## Reiðtúrar með Íshestum

Fyrir byrjendur og lengra komna. Íslensk náttúra og hestar - hvað er heilnæmara?

## Líkamsrækt fyrir 2.000 krónur á mánuði

það gerist varla betra.

## Kartöflu- og grænmetisrækt í sumar

Frír 18 fermetra reitir.

Allar nánari upplýsingar um stað og stund á [www.vr.is](http://www.vr.is). Þá fá atvinnulausir í Reykjavík og fólk sem nýtur fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg frían aðgang að **sundstöðum borgarinnar** og frí notendakort í **Borgarbókasafni Reykjavíkur** og útibúum þess til ársloka 2010. Bókasafns- og sundkort eru afgangi hjá Reykjavíkurborg.

Við viljum líka benda á upplýsingar á heimasíðu Rauðakrosshússins um frístundir og námskeið sem kosta lítið eða ekki neitt. **Athugið:** Nám sem er í boði er aðeins fyrir fullgilda félagsmenn.

## Viltu þinn eigin kartöflugarð?

Áhugasamir hafi samband sem fyrst

Viltu rækta kartöflur eða annað grænmeti í sumar? Nú getur þú fengið þinn eigin 18 fermetra reit til afnota í matjurtagörðum Reykjavíkurborgar í sumar þér að kostnaðarlausu. Svæðin sem um er að ræða eru í Laugardal við Holtaveg, við Jaðarsel í Grafarvogi og ef eftirspurn verður mikil þá er einnig möguleiki á reitum í Árbæ og við Þorragötu í Vesturbænum. Skráning er á skrifstofu VR í síma 510 1700. Hægt er að hefja vinnu í reitunum eftir 28. maí nk.

# Unglingar eru líka fólk

Gætið að réttindum barna og unglunga á vinnumarkaði

VR hefur í allmörg ár farið í flesta grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu með fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Einnig hafa margir framhaldsskólar fengið fræðslu hjá VR. Unglingarnir eru áhugasamir og spyrja margs enda vinna margir með skólanum, gjarnan á vöktum. Það sem vekur hins vegar athygli er hvað þau hafa um reynslu sína að segja af vinnumarkaðinum. Það virðist því miður alltof algengt að brotið sé á þeim og rétt að áréttu að foreldrar fylgist vel með og hafi samband við félagið ef spurningar vakna. Nánari upplýsingar er að finna í Reglugerð um vinnu barna og unglunga og Kjarasamningi VR sem hægt að nálgast á [www.vr.is](http://www.vr.is). Einnig er hægt að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700 eða senda fyrirspurn á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is)

## Of oft er að brotið á unglungum í starfi. Til dæmis er mjög algengt að ...

... þau séu látin redda fyrir sig staðgengli á vaktina sína þegar þau hringja inn og tilkynna veikindi. Það er ekki þeirra hlutverk, þau eiga veikindarétt eins og aðrir.

... kaffítími á daginn og matartími á kvöldin sé ekki virtur.

... þeim séu greidd laun undir taxa.

... fái launin sín greidd seint og jafnvel slumpum yfir mánuðinn.

... séu skikkuð til að vinna á rauðum dögum, jafnvel þó að ekki sé vinnuskylda hjá launþegum þá daga.

... fái svokallað jafnaðarkaup, en vinni mest á kvöldin og um helgar og eru því jafnvel undirborguð.

## Ekki næg þjálfun

Borið hefur á því að ungmenni fái ekki fullnægjandi þjálfun hjá vinnuveitanda í upphafi starfs. Af þeim sökum eru gerðar til þeirra óraunhæfar kröfur sem veldur oft vanlíðan sem svo leiðir annað hvort til þess að gerð eru mistök í starfi eða að ungmennin gefast upp. Ekki er hægt að ætlast til að nýr starfsmaður geti gengið beint í störf og innt þau eins vel af hendi og fastur starfsmaður. Mörg fyrirtæki eru til fyrirmyndar hvað þetta varðar en hjá öðrum er nokkru ábótavant. Það er mjög mikilvægt að ungmennin fái þjálfun og að eldri samstarfsmenn leiðbeini viðkomandi í störfum og um starfsreglur. Starfsmaðurinn sjálfur og forsvarsmenn hans eiga að óska eftir skýrum fyrirmælum í upphafi starfsins þannig að ekki fari á milli mála hvað

vinnuveitandi ætlast til af starfsmanninum þegar hann hefur störf og óska eftir þjálfun/kennslu ef ekki er þekking á verkunum.

## Vinnutími

Þó nokkur misbrestur er á vinnutíma og vinnutilhögum ungmenna í verslunum og er rétt að koma því á framfæri að í upphafi starfstíma skal fyrirkomulagið ákveðið. Breyting á vinnutíma síðar á starfstímanum skal eiga sér stað með uppsagnarfrests fyrir vara skv. 12. kafla um uppsagnarfrest í kjarasamningi eða um það samið og skal þá vera gagnkvæm sátt um þá breytingu og getur hún þá jafnvel átt sér stað strax.

Annað sem koma þarf á framfæri er að starfsmaður telur sig vera að ráða sig í fullt starf, þ.e. 100% starf, en þegar launaseðlarnir eru skoðaðir er einungis um hlutastarf að ræða. Því er nauðsynlegt að aðilar gerir sér grein fyrir því að 100% starf þ.e. fullt starf hjá starfsfólki sem sinnir afgreiðslustörfum og eða öðrum verslunarstörfum er 171,15 klst. í mánuði (39,5 klst. á viku) skv. gr. 2.1. í kjarasamningi VR og SA og 162,5 klst. á mánuði (37,5 klst. á viku) hjá starfsfólki á skrifstofu. Skv. 3 kafla í kjarasamningi um matar- og kaffítíma eru 35 mín. kaffihlé á dag innifalin inn í 171,15 klst. og 15 mín kaffi hlé hjá skrifstofufólki.

## Minnt er á eftirfarandi atriði:

- Börn yngri en 13 ára mega einungis vinna 7 klst. á dag 5 daga vikunnar utan starfstíma skóla og aðeins mjög létt störf, svo sem við menningu, listir og íþróttaviðburði.
- 13-14 ára unglingar mega vinna létt og hættulaus störf svo sem þjónustustörf. Skv. reglugerð nr. 426/1999 mega 13 – 14 ára einungis vinna létt störf í verslunum og sérstaklega er tekið fram að afgreiðsla á kassa sé ekki heimil.
- 15-17 ára unglingar mega vinna flest störf nema þau sem teljast hættuleg eða líkamlega mjög erfið. Þeir mega þó ekki vinna með hættuleg efni eða vélar.
- Öll vinna barna og unglunga undir 18 ára aldri skal fara fram undir eftirliti einstaklings sem er orðinn 18 ára.

## Vinnutími barna og unglunga

	Börn 13–14 ára	Börn 15 ára í skyldunámi	Unglingar 15–17 ára
Á starfstíma skóla	2 klst. á dag, 12 klst. á viku	2 klst. á dag, 12 klst. á viku	8 klst. á dag, 40 klst. á viku
Utan starfstíma skóla	7 klst. á dag 35 klst. á viku	8 klst. á dag, 40 klst. á viku	8 klst. á dag, 40 klst. á viku
Vinna bönnuð	kl. 20-6	kl. 20-6	kl. 22-6
Hvöld	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	14 klst. á sólarhring 2 dagar á viku	12 klst. á sólarhring 2 dagar á viku

Framhald á næstu opnu >>

# Fyrstu skrefin á vinnumarkaði

Ég er 15 ára stúlka úr Reykjavík og mig langar til að segja frá fyrstu reynslu minni af vinnumarkaðinum en hún var ekki eins og ég hefði óskað.

Ég sótti um í verslun fyrir um fjórum mánuðum. Þá hafði ég ekki hugmynd um hvernig það væri að vinna þarna, ég hélt að þetta væri góður vinnustaður og að mér myndi líða vel þarna. Ég þekkti nokkra sem höfðu unnið þar áður, eða voru að vinna þarna og ég hafði ekki heyrt neinn kvarta um neitt. Mér fannst tilvalið að fá vinnu þarna vegna þess að ég bý í hverfinu, og ég þekki búðina mjög vel. Ég sótti um og mánuði síðar hringdi verslunarstjórinn og sagði mér að koma og tala við hann, og hann sagði mér að koma aftur klukkan 17 og prófa vinnuna. Ég gerði það, og mér leist ágætlega á og fólkið var skemmtilegt. Ég vann til klukkan 20 og var bara að gera eitthvað auðvelt. Svo skráði ég mig á vakt daginn eftir, og kom þá í vinnuna og allt gekk vel. Svo liðu dagarnir og stundum fannst mér aðeins of mikið ætlast til af mér, ég vissi stundum ekki hvað ég átti að gera og þurfti að spyrja aðra. Einn daginn var ég að steikja franskar og kryddaði þær síðan, og allt í einu kemur verslunarstjórinn öskrandi að mér og skammar mig fyrir að krydda þær of mikið. Mér var frekar mikið brugðið þar sem þetta var bara þriðji dagurinn minn þarna.

## **Brosti ekki nóg**

Eftir þetta fannst mér hann aldrei koma vel fram við mig, mér fannst alltaf eins og honum væri bara illa við mig og einu skiptin sem hann talaði við mig voru þegar hann var að skamma mig fyrir smámuni. Hann skammaði mig oft fyrir að brosa ekki nóg, en mér fannst ég alveg brosa nóg og ég var alltaf að reyna eins og ég gat að vera kurteis og brosmild við viðskiptavini. Mér finnst hann ekki eiga rétt á því að hundskamma

mig fyrir að brosa ekki, þar sem hann fylgdist ekki með mér öllum stundum. Mér fannst hann vera byrjaður að skamma mig í hvert skipti sem hann sá mig, og mér var farið að líða frekar illa þarna. Mér fannst hann líka ekki ráðast svona á annað starfsfólk, þó að hann væri alveg oft að hækka róminn við aðra. Ég var frekar ný í starfinu og fannst þetta óþarfi, það var líka oft ætlast til þess að ég kynni allar reglur og allt sem annað starfsfólk kunnir, en ég hafði einfaldlega aldrei verið frædd um neinar reglur eða neitt svoleiðis.

## **Vissi ekki hvaða reglur**

Ég var farin að koma heim mjög ósatt eftir vinnu og fólk var farið að segja mér að hætta bara í vinnunni en ég tók það ekki í mál því ég var nýbyrjuð þarna og mig langaði að vinna mér inn pening. Svo fór ég að hugsa betur út í þetta og mig var farið að langa til að hætta, og svo ég ákvað að segja upp. Dag einn var ég í vinnunni frá kl. 18-20 og ég kom ágætlega hress í vinnuna, svo heyrði ég röddina í verslunarstjóranum og ég varð strax pirruð, svo átti ég að fara á kassa og á leið minni þangað sagði hann mér að brosa og að ég væri ekki í jarðarför. Ég var síðan á kassa um klukkan fimm mínútur í átta þegar kona kemur með blað og ætlaði að setja á reikning, ég vissi ekkert hvað ég átti að gera en þar sem það voru nokkrar mínútur í lokun ákvað ég að geyma blaðið þangað til ég gæti farið með það til verslunarstjórans og spurt hann út í það. Klukkan 20 fór ég með það og hann grútskammaði mig fyrir að hafa ekki vitað hvað ég átti að gera við blaðið. Hann sagði mér að ég hefði átti að vera búin að lesa einhverjar reglur fyrir kassafólk, ég vissi ekkert hvaða reglur hann





var að tala um og hann sagðist ætla að prenta þessar reglur út fyrir mig. Mér finnst að hann ætti að hafa sýnt mér þessar reglur um leið og ég byrjaði, en mér voru hvort sem er ekki sýndar neinar reglur þegar ég byrjaði, mér var bara kennt það helsta sem ég þurfti að kunna til að geta afgreitt fólk. Hitt átti ég bara að læra með tímanum greinilega.

### **Gekkk bara út**

Ég hafði ákveðið að segja bara upp í lok dagsins, þegar við vorum búin að ganga frá öllu og máttum fara heim, en þegar verslunarstjórinn var að skamma mig fyrir þetta blað fékk ég nóg og ákvað að segja upp á staðnum. Um leið og ég sagði við hann að ég vildi segja upp virtist honum alveg sama, og sagði að ég gæti hætt strax. Ég hafði haldið að ég ætti viku uppsagnarfrest, en hann sagði að ég gæti hætt strax vegna þess að honum fannst þetta ekki vera að ganga, að ég væri ekki sá kröftugi starfsmaður sem hann hélt. Það kom mér verulega á óvart vegna þess að ég hafði alltaf reynt mitt besta í vinnunni, og alltaf verið kurteis við viðskiptavini og starfsfólk.

Vegna þess hve brugðið mér var við þessi orð, ákvað ég bara að fara og halda áfram að ganga frá og fara síðan og tala betur við hann eftir vinnudaginn. Ég var gráti næst á meðan ég gekk frá, vegna þess að mér hefur alltaf fundist ég standa mig mjög vel í vinnunni og starfsfólk virtist líka vel við mig frá því ég byrjaði. Hálf tíma seinna fór ég og talaði við verslunarstjórnann og spurði hann hvort ég væri bara búin eftir þennan

Ástæða þess að ég skrifa þetta bréf er sú að mig langar að athuga hvort þessi framkoma gagnvart unglingum sé eðlileg á vinnumarkaði á Íslandi, eða hvort eitthvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir að þessi saga endurtaki sig.

dag, eða hvort ég þyrfti að klára vaktirnar mínar. Hann sagði að ég væri bara búin og fór síðan að útskýra fyrir mér af hverju honum fannst þetta ekki vera að ganga. Eina skýringin sem hann gaf var sú að ég brosti aldrei, og kom alltaf svo leiðinleg til vinnu og væri leiðinlegur starfsmaður. Mér leið verulega illa á meðan hann sagði þetta allt, og allt sem ég heyrði var bara hve léleg ég væri í vinnunni. Svo gerði hann líka grín að mér, eða hermdi eftir því hvernig ég var þegar ég kæmi í vinnuna. Ég gat ekki sagt neitt af því sem mig langaði að segja við hann vegna þess að ég hefði örugglega bara farið að gráta, svo ég gekk bara út.

### **Kemur andstyggilega fram við börn**

Ég hef talað við annað starfsfólk þarna sem er á mínum aldri, fólk sem er að vinna þarna og fólk sem hefur unnið þarna áður, og allir eru sammála mér í því að verslunarstjórinn kemur andstyggilega fram við börn sem vinna hjá honum, og margir hafa hætt vegna hans.

Ástæða þess að ég skrifa þetta bréf er sú að mig langar að athuga hvort þessi framkoma gagnvart unglingum sé eðlileg á vinnumarkaði á Íslandi, eða hvort eitthvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir að þessi saga endurtaki sig. Mér finnst að þeir sem eru að ráða börn og unglunga til vinnu þurfi að búa yfir aðeins meiri hæfileikum í mannlegum samskiptum en þetta. Er það til of mikils mælst? Mér finnst líka að þurfi að rannsaka framkomu þessa ákveðna verslunarstjóra við unglunga sem vinna hjá honum og koma í veg fyrir að hann komi fram við þau eins og hann hefur gert við mig.



Sjálfbóaliðar í Rauðakrosshúsinu, f.v. Erna Valdís Valdimarsdóttir, Ásta Katrín Vilhjálmssdóttir, Eydis Huld Magnúsdóttir og Hildur Þórðarsdóttir.

## INNLIT

# Rauðakrosshúsið

Rauðakrosshúsið er vettvangur fyrir einstaklinga og fjölskyldur til að takast á við breyttar aðstæður í þjóðfélaginu og halda því virku í atvinnuleit.

Það er rúmt ár síðan Rauðakrosshúsið hóf starfsemi sína í Borgartúni 25 í Reykjavík. Þegar okkur bar að garði voru hinir ýmsu hópar við störf; fluguhnýtingar, föndur og saumavinnu. Við hittum Hildi Friðriksdóttur verkefnastjóra og fræddi hún okkur um starfssemi hússins. Það fyrsta sem maður tekur eftir þegar inn er komið er afslappað andrúmsloft og góður andi.

### Allir velkomnir

Hildur segir að yfir 250 manns heimsækja húsið á viku. „Hér geta einstaklingar og fjölskyldur sótt sér sálrænan stuðning og ráðgjöf um margvísleg úrræði sem bjóðast í samfélaginu. Einnig er í boði ýmis konar fræðsla og félagsstarfið er stór þáttur í starfssemi hússins, og eru allir velkomnir á sínum eigin forsendum. Lögð er áhersla á samvinnu, stuðning og sjálfböðna vinnu.“

Fólk er hvatt til að nýta krafta sína með því að þróa og skapa sín eigin verkefni sem gjarnan nýtast öðrum í Rauðakrosshúsinu. Eins og í öllum verkefnum Rauða krossins bera sjálfbóðaliðar starfið uppi. Hildur leggur áherslu á að ávallt séu til staðar reynslumiklir sjálfbóðaliðar frá deildum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

### Félagsstarf

Góða aðstaða er í húsinu fyrir bæði stærri og smærri hópa til að vinna að verkefnum, halda fundi, fræðslu eða sinna félagsstarfi sem krefst afmarkaðs rýmis. „Gestir eru hvattir til að nýta sér aðstöðuna og félagsskap annarra til að halda uppi lífandi starfi í Rauðakrosshúsinu. Sjálfbóðaliðar og starfsmenn er boðnir og búnir að aðstoða gesti við hópastarf,“ segir Hildur að lokum og kveður okkur með bros á vör.



01



02

- 01 Saumasmiðjan
- 02 Fluguhýtingar
- 03 Föndurhópur
- 04 Saumasmiðjan
- 05 Föndurhópur
- 06 Fluguhýtingar



03



04



# Rafrænar umsóknir á vefnum

Aukið hagræði og ítarlegar upplýsingar um stöðu umsóknarinnar

Nú er hægt að sækja rafrænt um greiðslu úr VR varasjóði. Það er þægilegt og hagkvæmt að sækja um á vefnum auk þess sem þú færð strax í upphafi að vita um stöðu þína í sjóðnum og hversu há endurgreiðslan verður. Þá getur þú fylgst með stöðu umsóknarinnar, frá því að þú sendir hana inn þangað til búið er að samþykka hana og greiða.

## Hvernig á að sækja um?

Til að sækja um greiðslu úr VR varasjóði rafrænt á vefnum þarftu að skrá þig inn á Mínar síður en þær eru persónulegar síður félagsmanna. Allir fullgildir félagsmenn eða þeir sem eiga einhverja inneign í VR varasjóði geta fengið aðgang að Mínum síðum.

**Ef þú hefur ekki þegar fengið lykilorð að Mínum síðum getur þú sótt um það sem hér segir:**

- Smelltu á hnappinn Mínar síður efst í hægra horninu á forsíðunni á vef VR, [www.vr.is](http://www.vr.is).
- Sláðu inn kennitöluna þar sem segir Sækja um aðgang að Mínum síðum.
- Lykilorðið verður sent sem rafrænt skjal í heimabankann þinn, það tekur örfáar mínútur. Hjá Íslandsbanka má finna lykilorðið undir Yfirlit > Netyfirlit > Öll netyfirlit. Hjá Arion og Landsbanka er það undir Rafræn

skjöl og hjá Byr er það undir Yfirlit > Rafræn skjöl.

- Eftir að þú hefur fengið lykilorðið inn í heimabankann þinn, slærðu inn kennitöluna þína og lykilorðið. Athugaðu að þú getur breytt lykilorðinu þínu þegar þú hefur skráð þig inn.

Þegar þú ert kominn inn á Mínar síður smelltu á hnappinn Umsókn VR varasjóður. Þar sérðu þína réttindainneign í VR varasjóði og fyrri umsóknir úr sjóðnum, ef við á. Til að sækja um, smelltu á bláa hnappinn Skrá nýja umsókn. Ítarlegar upplýsingar um hvernig á að fylla út hvert innsláttarbox á umsókninni má fá með því að smella á Spurningamerkið.

Athugið að senda verður fylgigögn með umsókninni. Það er hægt með að senda þau sem viðhengi eða í faxi, pósti eða á annan hátt. Mikilvægt er að kennitala umsækjanda sé skráð á kvittanir og önnur fylgigögn.

## Hvað gerist svo?

Á umsóknarsíðunni á Mínum síðum getur þú fylgst með stöðu umsóknarinnar. Þú getur skoðað hana og gert breytingar þangað til búið er að samþykka hana. Þegar það hefur verið gert, kemur það fram í yfirlitinu á síðunni. Greitt er vikulega úr VR varasjóði og þegar umsóknin hefur verið samþykkt og greidd, kemur það einnig fram á yfirlitssíðunni.



## Allt fyrir fyrirtækið

Kaffivélar - Vatnsvélar - Kæliskápar  
Safa og djúsvélar - Sjálfssalar

Sími söludeildar 412 8100  
[www.hressing.is](http://www.hressing.is)

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST

# VR á landsbyggðinni

## **Vestmannaeyjar** *Guðrún Erlingsdóttir*

Ársfundur deildar VR í Eyjum verður haldinn þriðjudaginn 11. maí kl. 19.00 í Svöluhóli. Starfsemi Svöluhóls verður kynnt að loknum venjulegum aðalfundarstörfum. Viðræður eru í gangi um sameiginlegt skrifstofuhald VR, FIT og STAVEY en ekki komin niðurstaða í málið.

Orlofsíbúðin í Ljósheimum í Reykjavík hefur verið seld, en hún verður þó í leigu út júní. Verið er að skoða nýjar leiðir og aðra möguleika.

Atvinnuleysi er lítið meðal verslunarmanna í Eyjum svo þeir mega vel við una. Eyjamenn vonast til þess að sleppa við öskufall frá Eyjafjallajökli og hugsa hlýtt til þeirra sem nú glíma við afleiðingar gossins.

## **Austurland** *Kristín María Björnsdóttir*

Nú er liðið ár síðan við fluttum inn í nýtt húsnæði að Kaupvangi 3 b á Egilsstöðum. Starfsaðstaðan er til fyrirmyndar og fundarsalurinn með fjarfundabúnaði nýtist mjög vel. Þar geta félagsmenn t.d. komið á hádegisverðarfyrirlestra VR og hefur það mælst vel fyrir.

Ánægjulegt er að komum félagsmanna á skrifstofuna hefur fjölgað mjög mikið eftir flutningana. Ársfundur deildar VR á Austurlandi verður haldinn í maí n.k. Staður og stund verða nánar auglýst síðar.

Félagsmenn á Austurlandi tóku þátt í vinnu við stefnumótun VR með fundi sem haldinn var í janúar sl. en félagsmenn gátu ekki því miður mætt á Stefnuþing VR en vegna öskufalls var ekki flogið þann dag.

Stéttarfélagin á Austurlandi sameinuðust um ráðningu ráðgjafa, Virk starfendurhæfingarsjóðs fyrir félagin. Nokkrir félagsmenn hafa nú þegar fengið þjónustu hjá ráðgjafanum, Ragnheiði Kristiansen og hafa lýst mikilli ánægju með það.

Íbúðirnar í Ljósheimum í Reykjavík og Skarðshlíð á Akureyri nýttast Austfirðingum alltaf vel. Eingöngu er hægt að bóka í þær á skrifstofunni á Egilsstöðum.

## **Akranes og nágrenni** *Málfríður Þorkelsdóttir*

Á Akranesi er skrifstofan staðsett á Kirkjubraut 40, þar er hluti af þjónustuveri VR. Töluvert hefur verið um heimsóknir félagsmanna á skrifstofuna en við viljum sérstaklega minna félagsmenn á hádegisverðarfyrirlestrana sem hægt er að fylgjast með í fjarfundarabúnaði á skrifstofunni. Annan hvern fimmtudag eru áhugaverðir fyrirlestrar um margvísleg málefni og boðið er upp á veitingar meðan á fyrirlestri stendur. Gaman væri að sjá fleiri félagsmenn.

Atvinnuleysi hefur verið minna hér en annarstaðar á landinu (8,7%). Það er þó umtalsvert meira hjá konum eða 9,9% á meðan það er 7,7% hjá körlum. Þrátt fyrir niðursveiflur á atvinnumarkaði er enginn barlómur í Skagamönnum. Opnaðar hafa verið þrjár nýjar verslanir og heyrst hefur að fleiri séu á leiðinni. Ekki hægt að segja annað en menn séu bjartsýnir.





ANNA JÓNA GUÐMUNDSDÓTTIR SÁLFRÆÐINGUR

# Hver er sinnar gæfu smiður

Hamingjan, gott veganesti fyrir sumarið – nýtt námskeið hjá VR.

Hamingja er verðugt markmið í sjálfu sér, hamingjusamt fólk er auðveldara í umgengni, það er frjórri og meira gefandi. Starfsmenn sem eru hamingjusamir fá betri umsagnir frá vinnuveitendum, samstarfsmönnum og viðskiptavinum. Stjórnendur ráða miklu um andrúmsloft á vinnustað, hamingjusamir stjórnendur smita út frá sér og auka hamingju starfsmanna sinna. Jákvæðar tilfinningar á vinnustað svo sem stolt, gleði, eftirvænting og lotning, stuðla að betri vinnuanda og meiri afköstum.

## Ráð til að auka hamingju

Ýmis ráð eru til að auka vinnugleði og hamingju almennt. Ráðin má greina í þrjá hluta, fyrsti hlutinn er að vinna með tilfinningar sérstaklega. Fyrsta skrefið er að beina athyglinni að eigin tilfinningum og viðurkenna þær og gera hamingjuæfingar eins og t.d. þakkardagbók, fullkominn dag og að auka atferli þar sem jákvæðar tilfinningar blómstra. Annað er að þekkja og næra eigin styrkleika, eins og til dæmis, hugrekki, sköpunargáfu, réttlætistilfinningu, gott auga fyrir smáatriðum eða félagshæfni. Rannsóknir sýna að styrkleikagreining og persónuleg ráðgjöf hjálpar fólki að ná markmiðum sínum. Þriðji hlutinn er um heilbrigð samskipti, í heilbrigðum samskiptum felst að virða tilfinningar annarra og leggja áherslu á að samskipti séu jákvæð og styrkjandi. Miklu skiptir að við gefum öðrum tækifæri til að njóta sín og blómstra. Þó að það sé eðlilegur hluti af öllum mannlegum samskiptum að segja öðrum til þá er vandinn að gera það vel og hafa alla endurgjöf uppbyggilega.

## Viltu verða hamingjusamari?

Kl. 09-12

Námskeið fyrir stjórnendur og verkefnisstjóra föstudaginn 28. maí.

Á námskeiðinu er farið yfir það nýjasta í jákvæðri vinnusálfræði, með áherslu á forystu, verkefnastjórnun, ráðningar og styrkleikabyggða nálgun. Þeir þátttakendur sem eru skráðir á námskeiðið fá sent lykilorð fyrir **Realise 2 styrkleikagreiningu** sér að kostnaðarlausu. Rannsóknir sýna að styrkleikagreining og að vinna út frá styrkleikum hjálpar fólki að nýta styrkleika sína til fulls og ná meiri árangri í líf og starfi. Realise 2 greinir, styrkleika, veikleika, vannýtta styrkleika og lærða hegðun. Skráning á [www.vr.is](http://www.vr.is) eða í síma 510 1700

## Hamingjunámskeið á vordögum hjá VR – frítt og opið öllum

### Viltu verða hamingjusamari?

#### Námskeið 1

Kl. 13-15

Mánudaginn 10. maí, þriðjudaginn 18. maí kl. og þriðjudaginn 1. júní

#### Námskeið 2

Kl. 13-15

Þriðjudaginn 11. maí, miðvikudaginn 19. maí og föstudaginn 28. maí

#### Námskeið 3

Kl. 16-18

Miðvikudaginn 19. maí, miðvikudaginn 26. maí og miðvikudaginn 2. júní

Æskilegt er að þátttakendur í námskeiðunum mæti vel því hvert námskeið er byggt upp sem ein heild. Í fyrsta hluta er fjallað um hamingju og tilfinningar, gefin góð ráð sem auka vægi jákvæðra tilfinninga, í öðrum hluta fer fram styrkleikagreining og útskýringar á því hvernig á að nota styrkleika til að ná markmiðum sínum. Í þriðja og síðasta hluta er fjallað um samskipti á viðum grunni. Skráning á [www.vr.is](http://www.vr.is) eða í síma 510 1700. Námskeiðin eru haldin á 0. hæð í húsi verslunarinnar.

## Hádegisfyrirlestur

Kl. 12-13

Fimmtudaginn 3. júní verður hádegisfyrirlestur um hamingjuna

Skráning á [www.vr.is](http://www.vr.is) eða í síma 510 1700

„Hamingjusöm manneskja fyrirgefur og er sátt við fortíðina. Hún nýtur nútíðarinnar og er vongóð og bjartsýn varðandi framtíðna.“

## HVAÐ ER FRAMUNDAN?

# Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt

## Ný auglýsingaherferð VR væntanleg

VR hefur í gegnum tíðina staðið fyrir auglýsingaherferðum þar sem vakinn er athygli almennings á ákveðnum málefnum s.s. launamun kynjanna, áhrifum vinnutíma á jafnvægi einstaklinga o.s.frv. Að baki slíkum herferðum liggur mikil hugmyndavinna sem byggð er á rannsóknum og gögnum sem VR hefur aflað og tíðarandanum í samfélaginu hverju sinni.

Yfirskrift nýrrar herferðar VR er jákvæðni og mikilvægi hennar bæði fyrir líðan einstaklinga heima og á vinnustöðum. Mikilvægi þess að geta horft jákvæðum augum fram á veginn hefur sjaldan eða aldrei verið meira en nú. Aukið atvinnuleysi, gjaldþrot og fjárhagsleg óvissa dregur úr baráttuþreki fólks, vilja til verka og bjartsýni sem aftur hefur áhrif á framleiðni fyrirtækja og uppbyggingu atvinnulífsins. Jákvæðni á vinnustað hefur áhrif inn á heimilin og jákvæðni heima fyrir skilar sér inn á vinnustaðinn. Jákvæðni bætir samfélagið í heild sinni.

- Jákvæðni breytir hugarfari og skapar vellíðan.
- Jákvæðni smitar út frá sér, bætir heilsu og andlega líðan.
- Jákvætt fólk sér fleiri möguleika og tækifæri, það er opnara fyrir samstarfi og nýjungum og sköpunargleði þess eykst.
- Jákvæðni getur skipt sköpum fyrir afkomu fyrirtækja með auknum afköstum en góður andi gerir fólk bjartsýnna á hæfni sína og getu til að ná settu marki.
- Húmor og gamansemi á vinnustað eykur tilfinningu fyrir trausti og meiri ánægju í vinnu. Því er mikilvægt að stuðla að jákvæðri forystu.

Markmiðið með herferð VR um jákvæðni er að VR komi sterkt inn í umræðuna og vinnuna um það hvernig megi byggja upp starfsmenn og stjórnendur á þessum tímum. Tökum þátt í endurreisn Íslands á jákvæðum forsendum.

Margir koma að þessarri herferð auk starfsmanna VR. Þar má telja auglýsingastofuna Fiton og Republic kvikmyndaframleiðslu, Dr. Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur vinnumarkaðsfræðing sem lagði fram hugmyndavinnu og Önnu Jónu Guðmundsdóttur sálfræðing sem verður með námskeið tengd herferðinni. VR kann þeim bestu þakkir fyrir.





## ORLOF

# Orlof og orlofsréttur

### Fjöldi orlofsdaga og orlofsprósenta

Í nýgerðum kjarasamningum VR við Samtök atvinnulífsins (SA) og Félag atvinnurekenda (áður FÍS) árið 2008 var samið um aukin réttindi félagsmanna við orlofstöku. Þessi samningsákvæði eru samhljóða og því gildir sami réttur varðandi lengd orlofs í báðum samningum.

Lágmarks orlof skal vera 24 virkir dagar fyrir hvern launþega. Það þýðir að tveir orlofsdagar ávinnast fyrir hvern mánuð á orlofsárinu.

Eftir 5 ára starf í starfsgrein öðlast launþegi 25 virka daga í orlof.

Eftir 5 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþegi 27 virka daga í orlof sumarið 2009.

Eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþegi 30 virka daga orlof sumarið 2009.

Starfsmaður sem öðlast hefur 30 daga orlofsrétt eftir 10 ára starf hjá fyrri atvinnurekanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið sannreindur.

Starfsmaður sem öðlast hefur 27 daga orlofsrétt eftir 5 ára starf hjá fyrri atvinnurekanda, fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið sannreindur.

#### Orlofsprósentur eru eftirfarandi

24 dagar =	10,17%
25 dgar =	10,64%
26 dagar =	11,11%
27 dagar =	11,59%
28 dagar =	12,07%
29 dagar =	12,55%
30 dagar =	13,04%



Til orlofsdaga teljast aðeins virkir dagar. Á orlofstímanum frá 2. maí - 15. september ár hvert eiga starfsmenn rétt á 24 daga orlofi, jafnvel þó þeir eigi ekki rétt til orlofslauna allan þann tíma hjá vinnuveitanda.

### Lækkun á starfshlutfalli

Á síðustu mánuðum hefur verið nokkuð um það að launþegar hafa tekið á sig lækkun á starfshlutfalli vegna ástandsins á vinnumarkaði. Vegna þessa hafa skapast margar spurningar hjá aðilum vegna orlofsins í sumar. Orlof er alltaf hlutfallslegt, sem þýðir að starfsmenn fá orlof í hlutfalli við vinnuframlag sitt á tímabilinu frá 1. maí - 30. apríl.

Ef starfsmaður sem á 24 daga orlofsrétt, hefur verið í 100% starfi frá 1. maí 2008 - 31. október 2008 og síðan farið í 80% starf frá 1. nóvember 2008 og vinnur þannig til 30. apríl 2009, þá er orlofsdagafjöldi hans áfram 24 dagar þó hann hafi lækkað í starfshlutfalli en hann fær 12 daga á 100% launum og 12 daga á 80% launum í orlofinu sínu. Breytingin á orlofi starfsmannsins er því á greiðslum hans í orlofi en lengd orlofsins í dögum talið breytist ekki.

### Orlofstaka utan tímabils

Ef starfsmaður fer í orlof eftir 15. september að ósk atvinnurekanda, skal hann fá 25% lengingu á þann hluta orlofsins sem út af stendur. Þetta þýðir að fyrir hverja fjóra daga sem teknir eru eftir þann tíma, bætist fimmti dagurinn við. Ef starfsmaður óskar hins vegar sjálfur eftir orlofi síðar en 15. september lengist orlof hans ekki.

### Hvenær ber að greiða orlofslaun?

Orlofslaun ber að greiða þegar launþegi fer í orlof. Einnig er mögulegt að samningur hafi verið gerður um vörslu orlofslauna við tiltekinn banka eða sparisjóð, en þá er orlofsfé laust eigi síðar en 15. maí ár hvert. Þegar starfsmaður hættir störfum hjá vinnuveitanda ber að greiða út áunnið orlof, skv. lögum um orlof nr. 30/1987.

### Ákvörðun orlofstöku

Orlofstímabilið er frá 2. maí - 15. september ár hvert. Í lögum um orlof segir að atvinnurekandi skuli í samráði við launþegann ákveða orlofstöku hans. Atvinnurekandi skal verða við óskum launþegans um hvenær orlof skuli tekið, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Endanleg ákvörðun um orlofstöku er því í höndum vinnuveitanda. Atvinnurekandi skal eins fljót og unnt er, eða í síðasta lagi einum mánuði fyrir byrjun orlofs, tilkynna launþega hvenær orlof skuli hefjast.

### Lokun fyrirtækis vegna orlofs starfsmanna

Vinnuveitanda er heimilt að loka fyrirtæki á meðan á orlofi starfsmanna stendur, ef hann tilkynnir

starfsmönnum það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem ekki hafa áunnið sér fullan orlofsrétt, geta ekki krafist launa allan þann tíma. Aftur á móti geta þeir starfsmenn sem þegar hafa tekið orlof sitt á tímabilinu, átt rétt til launa þann tíma sem lokað er.

### Veikindi í orlofi

Starfsmaður sem veikist innanlands í orlofi þá alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal á fyrsta degi, t.d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og veikindin standa samfelld lengur en 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES-svæðisins, Bandaríkjanna, Kanada og Sviss, auk þess að leiða til sjúkrahúsvistar (hjá FA þurfa veikindi erlendis að leiða til sjúkrahúsvistar eða heimflutnings), á launþeginn rétt til uppbótarorlofs jafn langan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði, sé þess óskað.

### Orlof og uppsagnarfrestur

Vinnuveitandi getur ekki einhliða ákveðið að orlof launþega komi inn í uppsagnarfrest hans. Uppsagnarfrestur á að nýtast starfsmanni óskertur við að leita sér nýrrar vinnu. Ef vinnuveitandi gæti ákveðið að orlof kæmi inn í uppsagnarfrest starfsmannsins myndi umsáminn uppsagnarfrestur ekki nýtast starfsmanninum eins og til er ætlast. Orlof getur því ekki fallið inn í uppsagnarfrest, hvort sem tekin hefur verið ákvörðun um orlof fyrir uppsögn eða ekki, nema með samþykki bæði launþega og vinnuveitanda og er gott ef slíkt væri skriflegt.

### Framsal orlofs á milli ára

Skv. 13. grein orlofslaga er framsal á orlofi og orlofslaunum óheimilt á milli ára. Þetta þýðir að launþegi þarf að fullnýta orlofsrétt sinn áður en nýtt orlofsár hefst. Það er í raun sameiginleg ábyrgð vinnuveitanda og launþega að sjá til þess að orlof sé nýtt innan tilskyldra tímamarka. Með samkomulagi á milli vinnuveitanda og launþega er þó hægt að flytja orlofsréttindi á milli ára.

### Vanskil atvinnurekanda á orlofi

Ef starfsmenn hafa ekki fengið greitt út orlof sitt frá vinnuveitanda á réttum tíma er hægt að leita til skrifstofu VR og óskað aðstoðar félagsins við innheimtu á kröfunni.

*Nánari upplýsingar um orlofstöku og orlofslög er hægt að nálgast hjá starfsfólki á kjarasviði VR.*

Orlofstímabilið er frá 2. maí - 15. september ár hvert. Í lögum um orlof segir að atvinnurekandi skuli í samráði við launþegann ákveða orlofstöku hans. Atvinnurekandi skal verða við óskum launþegans um hvenær orlof skuli tekið, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar.

# Krossgáta

FRAM- MUNUR	SNIRFI- TÓLID	DAG- LEIÐIR	NRING- UR	LÆKK- UN	SKOÐA- DUR NESTUR	NOF- DÖRID	BRÝSA- DRAÐIÐ SÁUTIN SÍÐUM
BULL- UTAN			24			20	2
STAFN				KONA			64
←				ÆFUR			
SERL	17			NINGUR NAR	37		
←				AGNIR			
HUNGR ABUR	5					34	10
↓							
HALL MELIR		50	8	ILMA SJA EFFIR	59		
LOK ABIR	14			VINNU SAMAR	69	54	39
↓				SERL			
	42	40	SHIL AUGN NAR	6		SARNI DMAL GA	57
			NIÐUR REYFILL RYMJA SPNI		30	47	
AFLID		1		VIRDIR RUSL			47
↓				↑			
AUGN NAR	38	TALS LORRA TARA DRABB	45	13		48	
	31	62	MALM UR			25	6ELT
			FELAG				
BOLL ONAR			22	BLOT GLEÐI EDJA	4		43
↓							
ATT ALDR	12	BRUNA GETA YNDID	32			ATTINN ASK TANGA ANNA	21
↓				SÝSL LAKUR KIEPA			VAN KEMJA HLIÐIÐ FALL
	18		58	DIÐURT VISTNA SPRAUTA		29	28
ANSAÐ TIL VIRÐA		16	52		67	FIL- EFLD- UR	9 FOLNA NAGLI
↓							
GLOGGA DOLLA	66	GOD GÆTID DEFI TALA		26			
↓							
SAN ST	53	TÖNN TRÖND	41	SHILIN DYKID HALFR SK ST			
↓							
MINNA STERA AN		49		23		LUPPHE LUNNIN	51
↓							
			27			55	
BLAD UR	61	11	FERDA MENN HÖGG		56		15
↓							
AGÆT FLAKT NÝSTINGU LAPINGU		70	35		28/NS UR TA STÖÐVA -1	7	
↓							
	3			FRAM NEMMA		19	
			65		VATNA FISK	68	
FORN GRYTI	36		46	ORM UR	33	60	63



## Verðlaun fyrir rétta lausn kr. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er vísan:

*Senn er dágóð dagleið hjá daprast sýn um vegi. Ljósaskiptin skollin á skákar nóttin degi.*

Vinningshafi krossgátunnar í marsblaðinu er Margrét Pétursdóttir starfsmaður í Apótekinu við Melhaga en þar hefur hún starfað í yfir 30 ár. Margrét er íþrótta- og útivistarkona og vonandi getur hún notað verðlaunin við þá iðju. Við óskum henni hjartanlega til hamingju 15.000 krónurnar.

Vísbindingin að lausn gátunnar er að í lausninni felst vísa sem fjallar um sumarkvöld. Síðasti móttökudagur lausna er 25. maí 2010. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifíð „krossgáta“ utan á umslagið.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is

# Stefnuping VR

Lýðræði – ábyrgð – þátttaka



Þrátt fyrir að öskuský lægi yfir borginni laugardaginn 24. apríl sl. var bjart yfir þátttakendum Stefnupings VR sem einbeittu sér að því að leggja fram hugmyndir um stefnu og framtíð félagsins. Á annað hundrað áhugasamir félagsmenn sátu þingið sem haldið var að Gullhömrum í Grafarholti. Þingið bar yfirskriftina Lýðræði – ábyrgð – þátttaka og var tilgangur þess að efla lýðræði innan félagsins og tryggja að sem flestir komi að mótun stefnu félagsins í opnu og gegnsæju ferli. Til að tryggja sem mesta breidd í störfum stefnupingsins var tekið tilviljunarkennt úrtak úr félagaskrá VR og viðkomandi boðið að taka þátt í verkefninu.




Vinna við endurmat á stefnu VR hófst í desember 2009. Stjórn VR og stýrihópur stefnumótunarverkefnisins tóku í framhaldinu ákvörðun um að boða til þessa stefnupings en fyrirkomulag þess byggðist á margumræddum Þjóðfundi sem haldinn var í nóvember 2009. Niðurstöður stefnupingsins verða mikilvægt framlag til þeirrar umræðu sem nú stendur yfir innan stjórnar VR um framtíðarhlutverk og áherslur félagsins.

Kristinn Örn Jóhannesson formaður VR segir mikla umræðu hafa átt sér stað undanfarið um framtíðaráherslur VR. „Ég hef haft það að leiðarljósi að sem flestir félagsmenn eigi kost á því að taka þátt í stefnumótun félagsins með því að leggja fram sjónarmið sín og hugmyndir og kynnast sjónarmiðum annarra félagsmanna. Þess vegna höfðum við þennan háttinn á“, sagði Kristinn „og ég kann öllum þeim sem sátu þennan laugardag með okkur bestu þakki.“



# Vorum að taka upp stóra vinninginn



## Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2010

Hátt í **15.000 starfsmenn** tóku þátt í stærstu vinnumarkaðskönnun landsins og hlutu alls 40 fyrirtæki nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2010**. Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum mældust afar vel og óskum við þeim innilega til hamingju. Kynntu þér niðurstöðurnar í heild á [www.vr.is](http://www.vr.is).

### Stærri fyrirmyndarfyrirtæki:

- |                           |                         |
|---------------------------|-------------------------|
| 1. Íslenska gámafélagið   | 11. Gróðurvörur         |
| 2. Öryggismiðstöð Íslands | 12. 1912 samstæðan      |
| 3. Icepharma              | 13. Johan Rönning       |
| 4. Betware á Íslandi      | 14. Sorpa               |
| 5. Logos                  | 15. Parlogis            |
| 6. Securitas              | 16. Rauði kross Íslands |
| 7. Fjarðarkaup            | 17. Lýsi                |
| 8. CCP                    | 18. Prentsmiðjan Oddi   |
| 9. Össur                  | 19. Nova                |
| 10. Alcan á Íslandi       | 20. Maritech            |

### Minni fyrirmyndarfyrirtæki:

- |                      |  |
|----------------------|--|
| 1. Spölur            | 11. Sölufélag Garðyrkjumanna               |
| 2. Miracle           | 12. Gogogic                                |
| 3. Beiersdorf        | 13. Bókhald og uppgjör                     |
| 4. Verslunartækni    | 14. Iðnmennt                               |
| 5. Birtingahúsið     | 15. Kjarnavörur                            |
| 6. Vélfang           | 16. Sæmark                                 |
| 7. Microsoft Íslandi | 17. Trackwell-Stefja                       |
| 8. Sigurborg         | 18. Sensa                                  |
| 9. Gróco             | 19. Hagvangur                              |
| 10. Globus           | 20. Karl Kristmanns umboðs- & heildverslun |